
FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGADEILD

Krísa ofan á krísu:

Krísusamskipti bandarísku lögreglunnar í #blacklivesmatter

Ritgerð til BA-gráðu

Nafn nemanda: Lúna Grétudóttir

Leiðbeinandi: Eiríkur Bergmann

Haustönn 2020



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY



Útdráttur

Krísusamskipti bandarísku lögreglunnar í #blacklivesmatter mótmælunum verða til umfjöllunar í þessari ritgerð og þau borin saman við helstu kenningar í krísustjórnun og krísusamskiptum. Með krísusamskiptum er átt við það hvernig brugðist er við krísu og hvernig henni er svarað. Þá verður sérstaklega litið til kenninga Timothy Coombs, sérfræðings á sviðum samskipta og almannatengsla. Sýnt verður fram á hvernig viðbrögð og aðgerðir lögreglu eftir morðið á George Floyd sköpuðu krísu ofan á krísu og juku þann vanda sem lögregla og yfirvöld í Minneapolis, og raunar Bandaríkjunum öllum, stóðu frami fyrir.

Kenningar í krísusamskiptum og krísustjórnun flokkast undir almannatengsl og snúast að miklu leyti um viðbrögð og svaranir við krísum, en einnig um forvarnir. Samkvæmt kenningunum eru til svokallaðar bestu aðgerðir (*e. best practices*) þegar kemur að krísustjórnun, það er að segja hvernig best er að hafa samskiptum og aðgerðum fyrir krísu, á meðan krísu varir og eftir krísu. Þessi uppskrift er nánast alltaf sú sama en fer þó að einhverju leyti eftir flokkun krísu. Krísum er yfirleitt skipt upp í þrjá flokka: óvilja krísur, afstýranlegar krísur og hamfarir. Ábyrgð þeirra aðila sem krísan snertir er svo mismikil eftir hvaða flokki krísan tilheyrir.

Sú krísa sem lögreglumennirnir fjórir frá Minneapolis sköpuðu með því að myrða George Floyd í handtöku var afstýranleg krísa. Í kjölfarið mynduðust fleiri krísur eða krísa ofan á krísu, eins og það hefur verið kallað í almannatengslum. Er það bæði sú upphaflega og þær sem á eftir fylgdu sem verða skoðaðar hér. Unnið verður útfrá rannsóknarspurningunni „hvernig skapaði bandaríska lögreglan krísu ofan á krísu með viðbrögðum sínum við #blacklivesmatter mótmælunum?“

Sýnt verður fram á hvernig krísusamskipti bandarísku lögreglunnar og yfirvalda hefðu getað verið skipulagðari og hvernig margar af þeim krísum sem urðu til voru afstýranlegar. Þó að hér verði viðbrögð og aðgerðir lögreglu skoðaðar út frá kenningum í krísusamskiptum liggur rót vandans dýpra í sögu og menningu bandarísku þjóðarinnar en hægt er að greina með almannatengslum. Grunnurinn að þessum vanda er rótgróin kerfisbundin kynþáttahyggja. Hér verður því aðeins litið á viðbrögð lögreglu og yfirvalda eftir morðið á George Floyd og í mótmælaöldunni sem gaus upp í kjölfarið. Farið verður yfir hvaða tegundir krísa urðu til og hvernig lögreglan svaraði þeim. Þá verður einnig farið yfir hvernig hægt hefði verið að bregðast öðruvísi við þessum krísum með því að nota bestu aðgerðir krísustjórnunnar og sýnt

verður hvernig krísusamskiptaáætlun hefði mögulega afstýrt stórum hluta þeirra krísa sem upp hafa komið í kjölfar þeirrar fyrstu.

Abstract

This thesis focuses on the crisis communication of the US Police during the #blacklivesmatter movement. The actions of the police during the protests will be looked at and compared to crisis communication theories in the field of public relations; especially those of Timothy Coombs who is a leading expert in the field of crisis communication and management. This thesis will take a look at how the actions of the US Police created crisis upon crisis and increased the problem yet to be solved.

Formáli

Þessi ritgerð er metin til 14 ECTS og er lokaritgerð til BA-gráðu í miðlun og almannatengslum við Háskólann á Bifröst. Yfirskrift ritgerðarinnar er „Krísa ofan á krísu: Krísusamskipti bandarísku lögreglunnar í #blacklivesmatter.“ Leiðbeinandi við ritgerðina var dr. Eiríkur Bergmann Einarsson og fær hann sérstakar þakkir fyrir góða og gagnlega leiðsögn.

Hugmyndin að ritgerðinni kviknaði eftir að ég lauk áfanga í krísusamskiptum við Háskólann á Bifröst síðastliðið sumar. Áfanginn fjallaði um viðbrögð við krísum og hvernig minnka má skaðleg áhrif þeirra með góðum undirbúningi. Rætt var um góð og slæm viðbrögð við krísum og ýmis raunveruleg dæmi um krísur greind, sem og viðbrögð skipulagsheilda við þeim. Í kjölfarið fór ég að sjálf að skoða fréttir af hinum ýmsu málum út frá sjónarhóli krísusamskipta, þar á meðal #blacklivesmatter mótmælin. Mig langaði að nýta þau verkfæri sem ég hef fengið í gegnum námið til að fjalla um málefni sem eru mér hugleikin, en efst þar á baugi eru mannréttinda- og umhverfismál. Þá þótti mér kjörið að fjalla um #blacklivesmatter mótmælin í þessu samhengi, en þau voru enn í gangi á þeim tíma sem ég var að velta fyrir mér efni ritgerðarinnar.

Kynþáttahyggja (*e. racism*) er málefni sem ég hef mikinn áhuga á, en sjálf er ég af blönduðum uppruna og hef upplifað fordóma byggða á húðlit. Vissulega eru þeir fordómar þó í engum samanburði við þá miklu og kerfisbundnu kynþáttahyggju sem þrífst í bandarísku samfélagi. Málefnið er mér samt hugleikið vegna þessa og því ákvað ég að fjalla um það. Mig langaði að reyna að taka á viðfangsefninu með þeim tólum sem ég hef öðlast í náminu, þrátt fyrir að vera meðvituð um að verkfæri almannatengsla ein og sér duga seint til að fjalla af alvöru um kynþáttahyggju og mismunun byggða á henni. Eftir að hafa fylgst með og tekið þátt í #blacklivesmatter hreyfingunni héðan frá Íslandi fannst mér áhugavert að skoða hreyfinguna út frá sjónarhorni almannatengsla og þá aðallega krísusamskipta. Gerð ritgerðarinnar, þá sérstaklega heimildaöflunin, tók oft og tíðum á taugarnar. Það reyndist þungbært að lesa og fjalla um það ofbeldi sem svarta samfélagið hefur orðið fyrir upp á síðkastið – jafnvel þó svo að ég hafi verið meðvituð um það áður en skrifa hófust.

Það er einnig erfitt fyrir manneskju sem ekki hefur upplifað endurtekin áföll vegna húðlitar að setja sig fyllilega í spor svartra Bandaríkjamanna og baráttu þeirra. Bandaríkin eiga enn langt í land með að uppræta kerfisbundna kynþáttahyggju og enn þann dag í dag gengur svarta samfélagið í gegnum síendurtekin áföll. Efni þessarar ritgerðar er viðkvæmt og erfitt meðferðar, en markmiðið var að meðhöndla það af virðingu og varfærni. Erfiðast reyndist þó að reyna að setja sig í spor lögreglunnar, en viðhorf mín og gildi eru langt frá því að samræmast þeim aðgerðum sem lögreglan í Bandaríkjunum hefur staðið fyrir. Frá mínu sjónarhorni er lausnin einföld og sú lausn sem almannatengsl setur fram líklega einnig of einföld. Eins og máltækið segir getur reynst erfitt að kenna gömlum hundi að sitja og líklegra er enn erfiðara að uppræta úreltar hugmyndir um yfirborði hvíta kynstofnsins úr hugum fólks sem alist hefur upp við þær. Þessi ritgerð er því einungis tilraun til að fjalla um málefni kynþáttahyggju og mismununar út frá öðru sjónarhorni, sjónarhorni krísusamskipta.

Efnisyfirlit

<i>Útdráttur</i>	3
<i>Abstract</i>	4
<i>Formáli</i>	5
<i>Inngangur</i>	8
<i>Aðferðafræði, fræðilegur bakgrunnur og hugtök</i>	10
<i>I: Kerfisbundin kynþáttahyggja</i>	11
<i>II: #blacklivesmatter</i>	15
<i>III: Krísur og krísur ofan á krísu</i>	23
<i>IV: Að svara krísu</i>	30
<i>Lokaorð</i>	39
<i>Heimildaskrá</i>	41

Inngangur

Bandaríska lögreglan hefur oft og tíðum verið staðin að því að stunda ofbeldisfullar handtökur og óhóflega valdbeitingu. Í sumum tilfellum verða þessar handtökur það ofbeldisfullar að þær enda með dauða þess sem á að handtaka. Rannsóknir sýna að borgarar af afrískum uppruna eru í mun meiri áhættu þess að bæði verða fyrir og láta lífið í þess háttar lögregluárásam. Í vor náðist ein slík handtaka á myndband, sem fór svo eins og eldur í sinu um samfélags- og fjölmiðla. Myndbandið sýnir það hvernig George Floyd, maður af afrískum uppruna, var í raun tekinn af lífi í handtöku sem stóð yfir í tæpar 8 mínútur. Myndbandið vakti óhug og reiði á meðal almennings og í kjölfarið braust út mótmælaalda í Bandaríkjunum og víðar. Mótmælin fóru fram bæði á götum úti og á samfélagsmiðlum og hafa verið kölluð bæði bylting annars vegar og hreyfing hins vegar. Hér verður notast við bæði hugtökin eftir því sem betur á við hverju sinni.

Nafn byltingarinnar er oftast ritað #blacklivesmatter eða #blm og vísar „#“, eða myllumerkið, þá í sérstakar merkingar sem notaðar eru á samfélagsmiðlunum Twitter og Instagram. Nafnið er dregið af samnefndum samtökum sem unnið hafa að réttindum svartra í Bandaríkjunum, Kanada og Bretlandi, frá árinu 2013 (Amnesty International, e.d.). Byltingin hefur orðið til þess að mikil vitundarvakning á sér nú stað hvað varðar málefni litaðs fólks í Bandaríkjunum. Hún hefur einnig skapað vitundarvakningu um kynþáttahyggju almennt, ekki einungis í Bandaríkjunum heldur einnig í öðrum heimshlutum. Sem dæmi má nefna er að mikil umræða hefur vaknað á samfélagsmiðlum ungra Íslendinga, og þá sérstaklega einstaklinga af blönduðum uppruna, sem ljá baráttunni rödd sína.

Saga kynþáttafordóma í Bandaríkjunum er löng og má líklega rekja allt aftur til þess þegar hvíti maðurinn kom þangað frá Evrópu og þóttist hafa numið þar land. Flestum er okkur þó kunnugt um að landið var byggt löngu áður en hvíti maðurinn steig þar niður fæti. Við ættum líka flest að þekkja framhald sögunnar og hvernig hvíti maðurinn hrakti þá sem fyrir voru af landi sínu. Hugmyndin um yfirburði hins hvíta kynstofns hafa því fengið að viðgangast ansi lengi og endurspeglast líklega einna helst í þrælahaldinu, sem er mun nær okkur í tíma. Þá voru þrælar fluttir inn til Bandaríkjanna frá Afríku og þeir seldir í Bandaríkjunum, en það viðgekkst í um 250 ár. Þessir fordómar eiga sér því afar djúpar rætur í samfélaginu og mæta svartir Bandaríkjamenn enn alls kyns fordómum. Birtingarmyndir þeirra eru ýmisskonar og er lögregluofbeldi aðeins ein þeirra. Ofbeldið virðist oft kerfisbundið og allt frá tímum þrælahaldsins hafa svartir borgarar Bandaríkjanna mátt búa við ótta við lögreglu og yfirvald.

Það kann að virðast mótsagnakennt að þurfa að óttast þá sem eiga að tryggja öryggi þitt, en fyrir fólk með annan húðlit en hvítan er það því miður raunin. Lengi vel hafa kynþáttafordómar fengið að þrífast í samfélaginu en eftir morðið á George Floyd, sem þó er langt frá því að vera einsdæmi, virðist almenningur hafa fengið sig fullsaddan. Gagnrýnisraddirnar eru háværar, margar og beinast einna helst gegn lögreglunni. Ofbeldi og óhóflegri valdbeitingu í handtökum er mótmælt og aðgerðir lögreglu og verkferlar þeirra í #blm mótmælum eru gagnrýndir. Þá beinast spjót gagnrýnnar einnig að því mikla ábyrgðarleysi þegar kemur að því að draga lögreglumenn til saka. Ýmsar reglugerðir eru til í Bandaríkjunum sem vernda lögreglumenn frá sekt ef þeir gerast brotlegir í starfi, jafnvel þó um sé að ræða ofbeldi og morð.

Ljóst er að almenningur í Bandaríkjunum, þá sérstaklega samfélag svartra og litaðra, kallar eftir afgerandi breytingum á skipulagi, og aðgerðum lögreglu og yfirvalda. Þetta má sjá bæði af umræðu á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum, sem og af mótmælum á götum úti. Á samfélagsmiðlum hafa orðið til hópar sem skora á stjórnvöld að stöðva fjárframlög til lögreglunnar (*e. defund the police*) og aðrir sem hreinlega hvetja til þess að lögreglan verði lögð niður (*e. abolish the police*). Þá hafa ýmis grasrótarsamtök tengd slíkum málefnum, og #blacklivesmatter byltingunni almennt, sprottið upp. Hvort rétta lausnin sé að leggja niður lögregluna fær að liggja á milli hluta, en ljóst er að breytinga er þörf.

Þegar viðbrögð og aðgerðir lögreglu í kjölfar morðsins á George Floyd eru skoðuð er ljóst að þau standast ekki bestu aðgerðir helstu kenninga í krísusamskiptum. Krísusamskipti og krísustjórnun eru bæði viðfangsefni almannatengsla. Nokkur munur er gerður á þessum tveimur nálgunum í fræðunum, en í þessari ritgerð verður aðallega notast við hugmyndir úr krísusamskiptum. Stuðst verður við helstu kenningar í þessum fræðum til að skoða og meta viðbrögð og aðgerðir lögreglu í #blm og eftir morðið á George Floyd. Almannatengsl ein og sér duga þó ekki til að greina eða takast á við hið augljósa og mun dýpra vandamál sem fyrir liggur og er falið í kerfisbundinni kynþáttahyggju. Einnig er ákveðinn skortur á umgjörð og reglugerðum hvað varðar lögregluaðgerðir og notkun valds, sem og skortur á eftirliti og refsingum innanbúðar hjá lögreglu. Hér verður því aðeins litið á það sem lögreglan sjálf framkvæmir og gæti sjálf leiðrétt og betrubætt með breytingu á eigin verkferlum.

Hér verður leitast við að sýna hvernig lögregla og yfirvöld í Bandaríkjunum bjuggu til krísu ofan á krísu með viðbrögðum sínum við #blacklivesmatter mótmælunum. Kenningar í krísusamskiptum og krísustjórnun verða notaðar til að leggja mat á aðgerðir lögreglu eftir

morðið á George Floyd og viðbrögð þeirra við mótmælaöldunni sem gaus upp í kjölfarið. Einna helst verður stuðst við kenningar Timothy Coombs, sérfræðings á sviði samskipta og almannatengsla, um samskipti í krísum. Einnig verður sýnt fram á hvernig hægt hefði verið að bregðast öðruvísi við gagnvart þeim aðstæðum sem upp komu í kjölfar dauða George Floyds með það að leiðarljósi að minnka skaða á sem flestum vígstöðvum. Unnið verður útfrá rannsóknarspurningunni „hvernig skapaði bandaríska lögreglan krísu ofan á krísu með viðbrögðum sínum við #blm byltingunni?“. Þá verður skoðað hvort önnur viðbrögð hefðu gert það að verkum að byltingin hefði þróast öðruvísi

Tilgangur og markmið verkefnisins er að leggja mat á þá verkferla sem eiga og áttu sér stað hjá bandarísku lögreglunni í #blacklivesmatter byltingunni og hvernig þeir standast samanborið við bestu aðgerðir samkvæmt kenningum í krísusamskiptum og krísustjórnun. Það er nokkuð ljóst að viðbrögð lögreglunnar hafa vakið heimsathygli og valdið nokkrum óhug á meðal almennings, sérstaklega í Evrópu, þar sem lögregluofbeldi er ekki jafn algengt eða afgerandi. Sýnt verður fram á æskilega verkferla þegar kemur að viðbrögðum lögreglu við nútíma byltingum líkt og #blm. Sýnt verður hvernig krísusamskiptaáætlun, sem sýnir fram á slíka ferla með skaðaminnnkandi áhrif að leiðarljósi, gæti verið uppbyggð.

Aðferðafræði, fræðilegur bakgrunnur og hugtök

Við rannsókn á viðfangsefninu verður einna helst stuðst við fréttir af vefmiðlum fjölmiðla. Viðbrögð og aðgerðir lögreglu frá dauða George Floyds og í gegnum #blacklivesmatter mótmælin verða tekin saman, sem og aðrar fréttir tengdar málefni. Greining á aðgerðum lögreglu verður síðan borin saman við kenningar í krísusamskiptum og -stjórnun. Að öðru leyti verður stuðst við frásagnir viðstaddra í mótmælum vestan hafs, til að gefa nánari innsýn í nærveru lögreglu eins og hún sneri að mótmælendum.

Þetta verkefni er fræðileg ritgerð þar sem lagt verður fram mat og greining á nýliðnum fréttum, umræðu á samfélagsmiðlum og upplýsingagjöf lögreglu og yfirvalda og þær bornar saman við kenningar í krísusamskiptum og -stjórnun. Þess fyrir utan verður framkvæmd eigindleg rannsókn og spurningarlisti með viðtals spurningum varðandi mótmælin vestanhafs sendur með tölvupósti á nokkra einstaklinga sem viðstaddir voru þau.

Stuðst verður við fræðilegar heimildir úr krísusamskiptum og krísustjórnun, til dæmis kenningar Timothy Coombs. Einnig verður að nokkru leyti stuðst við önnur rit og greinar um almannatengsl og miðlun. Gagnaöflun mun að mestu leyti byggjast á fréttu söfnun frá #blm og morðinu á George Floyd, auk annarra fréttu eftir því sem við á.

I: Kerfisbundin kynþáttahyggja

Átta mínútur og fjörutíu og sex sekúndur. Þessar tölur hafa verið greiptar í huga margra síðan vorið 2020. Átta mínútur og fjörutíu og sex sekúndur sem marka síðustu andartökin í lífi George Floyds. Þessi síðustu augnablik upplifði hann með andlitið í götunni, hendurnar í járnum og hné lögreglumanns á hálsi sínum. Vegna þessa gat hann ekki andað og þá staðreynd endurtók hann þó nokkrum sinnum þessar síðustu mínútur lífs síns, auk þess sem hann kallaði á móður sína og grátbað um að lífi sínu yrði þyrmt. George Floyd var 46 ára, svartur karlmaður sem hafði flust til Minneapolis frá borginni Houston í Texas, með það að markmiði að snúa blaðinu við og bæta líf sitt, fyrir sig og börnin sín (Fernandez og Burch, 2020).

Þann 25. maí síðastliðinn hringdi starfsmaður verslunar í Minneapolis í 911, sem er símanúmer bandarísku neyðarlínunnar, og óskaði eftir lögregluaðstoð. Ástæðan var sú að hann grunaði George Floyd um að hafa greitt með fölsuðum 20 dollara seðli, en það gera um 2500 íslenskar krónur (Hill o.fl., 2020). Símtalið hrundi síðan af stað atburðarás sem endaði með dauða George Floyd. Handtakan var tekin upp á myndband af nærstöddum, sem fylgdust með lögreglubílunum einum af öðrum mæta á vettvang. Samtals voru þrjár bílar sendir til að aðstoða við handtökuna (D.B. Taylor, 2020). Vefmiðillinn The New York Times setti saman myndband úr upptökum frá eftirlitsmyndavélum nærliggjandi húsa og upptökum frá sínum áhorfenda. Í því myndbandi sést hvernig tveir lögreglumenn, Thomas Lane og J. Alexander Kueng, hafa afskipti af George Floyd þar sem hann situr undir stýri í bíl sínum. Thomas Lane sést þá draga upp byssu fljótlega eftir afskiptin, en ekki er greinanlegt í myndbandinu af hvaða tilefni (Hill o.fl., 2020). Níu mínútum eftir að fyrsti bíllinn mætir á svæðið, mætir þriðji bíllinn með Derek Chauvin og Tou Thao. Eftir það verður atburðarásin hraðari og harkalegri. Sést þá til dæmis hvernig George Floyd er dreginn út úr lögreglubílunum og honum skellt í jörðina. Þar hjálpast þrjár af lögreglumönnum við að halda honum niðri og sá fjórði, Tou Thao heldur viðstöddum í fjarlægð frá handtökunni. Derek Chauvin, setur hné sitt á hálsinn á George Floyd og heldur honum þannig föstum með andlitið í jörðinni (Hill o.fl., 2020). Átta mínútum og fjörutíu og sex sekúndum síðar er George Floyd látinn. Í

myndbandinu má heyra hann grátbiðja lögreglumennina um að fara af sér og að hann geti ekki andað (D.B. Taylor, 2020). Jafnvel þegar sjúkraliðar mæta á svæðið heldur Derek Chauvin hné sínu áfram á hálsi George Floyds og þrátt fyrir að augljóst sé að hann hafi misst meðvitund og sé hættur að anda tekur Derek Chauvin ekki hnéd af hálsi George Floyds (Hill o.fl. 2020). Að mati margra, þar á meðal mannréttinda lögmansins Ben Crump sem jafnframt fer með mál fjölskyldu George Floyds fyrir dómstóla, sýnir myndbandið af handtökunni því í raun og veru opinbera aftöku svarts manns (Crump, 2020). Slíkar opinberar aftökur hafa tíðkast frá því á tímum þrælahaldsins og valdið miklum sársauka fyrir svarta samfélagið. Menn, konur og börn voru pyntuð og tekin af lífi af hvítum samborgurum sínum án afskipta lögreglu eða yfirvalda. Aftökur sem þessar kallast á ensku „lynching“ og hefur verið líkt við hryðjuverk, samanber nafnið „terror lynching“. Þrátt fyrir að hafa byrjað í þrælahaldinu náðu aftökurnar hámarki sínu á tímabilinu 1880 til 1940. Þá voru þær jafnframt ein helsta ástæða flutninga svarts fólks frá suðrinu og í gettóin í noðurhluta Bandaríkjanna (Lynching in America, e.d.).

Morðið á George Floyd er langt frá því að vera einsdæmi. Lögregluofbeldi í Bandaríkjunum, sérstaklega gagnvart karlmönnum af afrískum uppruna, á sér áralanga sögu. Árin 2015 og 2016 drápu lögreglumenn samtals yfir tvö þúsund manns (The Counted: People killed by police in the US, e.d.). Fólk af afrískum uppruna er mun líklegri til að verða fyrir ofbeldi af höndum lögreglunnar en aðrir og jafnframt líklegri til að vera drepið í aðgerðum lögreglu. Rannsókn frá árinu 2019 sýnir til að mynda að svartir karlmenn eru mun líklegri til að deyja vegna ofbeldis af höndum lögreglu en nokkur annar kynþáttur eða kyn, eða einn af hverjum þúsund (Edwards o.fl., 2019). Þar að auki sýnir rannsóknin að svartir karlmenn eru 2,5 sinnum líklegri til þess að deyja af völdum lögreglu en hvítir karlmenn. Þessi sama rannsókn sýnir svo að af hverjum 100 þúsund svörtum karlmönnum á aldrinum 25 til 29 ára, eru 2,8 til 4,1 drepnir af lögreglu. Önnur rannsókn, frá árinu 2016, sýnir að svartir karlmenn á aldrinum 15 til 34 ára eru 9 sinnum líklegri til að vera drepnir af lögreglunni en aðrir Bandaríkjamenn (The Counted: People killed by police in the US, e.d.).

Kerfisbundin kynþáttahyggja er oft talin rót lögregluofbeldis í Bandaríkjunum og birtist hún einna helst í mismunun (*e. discrimination*) lögreglunnar á einstaklingum eftir kynþætti. Þá eiga svartir meiri hættu á að vera drepnir af lögreglu en aðrir kynþættir, eins og greint er frá hér að ofan. Kynþáttahyggja sem þessi er einkar rótgróin í Bandaríkjunum og hefur verið alla tíð. Eins og áður segir má helst sjá það af þrælahaldinu sem varði frá árinu 1619 allt til ársins 1865 (Shah og Adolphe, 2019).

Kynþáttahyggi, einnig kölluð rasismi, er sú hugmynd að mannkyninu sé skipt í nokkra mismunandi hópa sem flokkast eftir erfðaeinkennum hvers og eins þeirra. Þessir hópar búa við ólíkar samfélagsgerðir og hafa misjafnt hugvit. Eftir því er hópunum svo skipt í æðri og óæðri hópa (Marger, 2012, bls 18). Af þessu má sjá að í kynþáttahyggu felast bæði fordómar og mismunun. Fordómar geta til dæmis birst í því að telja svarta karlmenn latari og heimsku en hvíta, eða að telja konur frá Suður-Ameríku líklegri til að stunda vændi en konur af öðru þjóðerni. Mismunun getur birst á öllum stigum samfélagsins, en í sinni einföldustu mynd birtist mismunun í því að hvítir hafa fleiri tækifæri en aðrir kynþættir. Kynþáttahyggi verður kerfisbundin þegar hún felur í sér mismunun, eins og til dæmis misskiptingu samfélagslegra gæða, svo sem fjárhags, virðingar eða valds. Stundum er kynþáttahyggi bókstaflega varin með lögum, eins og sjá má af hinum ýmsu bandarísku reglugerðum sem vernda lögreglumenn sem brjóta af sér í starfi. Í Bandaríkjunum beinist kynþáttahyggi einkum og sér í lagi að svörtum og hefur verið kölluð „anti-black racism“. Þannig verða svartir í Bandaríkjunum fyrir meiri fordómum og meiri mismunun en aðrir kynþættir t.d. infæddir Bandaríkjamenn eða fólk frá Suður- og Mið-Ameríku. Þessi kynþáttahyggi birtist meðal annars í því að svartir hafa ekki jöfn tækifæri til menntunar, hafa ekki sama aðgang að húsnæði og búa við meiri fátækt en hvítir. Árið 2019 er talið að 18,8% af svörtum hafi lifað undir fátæktarmörkum samanborið við 7,3% af hvítum og 7,3 % af fólki með rætur að rekja til Asíu (Duffin, 2020).

Kynþáttahyggi er styrkt á ýmsan hátt í bandarísku samfélagi og fordómar birtast víða. Í gegnum tíðina hafa til dæmis birst margar staðalímyndir af afrísk-amerískum einstaklingum, en þær eru aðeins ein birtingarmynd kynþáttafordóma. Staðalímynd (*e. stereotype*) er hugtak sem notað er yfir fyrirfram gefnar hugmyndir um persónueinkenni, eiginleika og hegðun einstaklinga, innan tiltekins hóps, og jafnframt hvernig og af hverju þeir eiginleikar vinna saman (Hilton og Hippel, e.d., bls 240). Staðalímyndir eru oft augljósar í kvikmyndum og öðru sjónvarpsefni. Þá eru staðalímyndir svartra einstaklega áberandi. Við sjáum til dæmis staðalímyndina um feitu, skapstóru frænkuna og ungu vandræðapésana sem hætta í skóla og reykja gras allan daginn. Önnur vinsæl staðalímynd er hinn svarti unglíngur sem kemst inn í menntaskóla einungis vegna afburðargetu í íþróttum, oftast körfubolta. Svartar konur og stúlkur eru svo kyngerðar á mun ýktari hátt (*e. hyper sexualized*) en hvítar konur, sem rekja má til þess að svartar konur voru ítrekað misnotaðar á meðan og eftir að á þrælahaldinu stóð (Rosenthal og Lobel, 2016). Með þessum staðalímyndum verða til frekari fordómar og hugmyndum sem voru þegar til staðar er viðhaldið í gegnum þær.

Staðalímyndir geta verið bæði jákvæðar og neikvæðar, þó oftast falli þær í seinni flokkinn. Almennt séð er fólk líklegra til að mynda sér staðalímynd af einstaklingum sem ekki tilheyrir sama hóp eða hópum og það sjálf. Þegar staðalímyndir eru mótaðar í huga einstaklinga er það vegna þess að hann einfaldar þær kröfur sem hann setur á sjálfan sig við mótun skoðana sinna og hugmynda. Hann fer þannig styttri leið við að mynda sér skoðun á ákveðnum einstakling eða hópi einstaklinga og notar til þess þekkingu sem hann býr nú þegar yfir (Hilton og Hippel, e.d., bls 238). Þar af leiðandi er í raun óhjákvæmilegt að sú mynd sem hann mótar sér verði bjöguð og eigi sér jafnvel litla sem enga stoð í raunveruleikanum. Staðalímyndir eru þannig yfirleitt byggðar á fordómum og geta valdið og viðhaldið mismunum einstaklinga og minnihluta hópa. Þetta má hvað helst sjá í hinni útbreiddu staðalímynd af hinum svarta glæpamanni. Sú hugmynd að Bandaríkjamenn af afrískum uppruna séu líklegri en aðrir til að fremja glæpi er afar útbreidd á meðal hvítir Bandaríkjamanna og hefur verið allt frá þrælahaldinu (E. Taylor o.fl., 2019, bls. 213). Rannsóknir hafa sýnt að hvítir Bandaríkjamenn meta líkur á því að svartir einstaklingar fremji glæpi mun hærrí en þær raunverulega eru. Jafnframt hafa rannsóknir sýnt að Bandaríkjamenn af afrískum eða suður-amerískum uppruna meti þessar líkur ekki jafnháar og hvítir (Ghandnoosh, 2014, bls. 14). Staðalímynd af þessu tagi er mjög alvarleg, sérstaklega þegar litið er til þess hve rötgróin hún er í bandarísku samfélagi. Fordómar gagnvart svörtum fá að blómstra í skjóli slíkra staðalímynda. Þeir sem búa yfir meiri völdum, í þessu tilfalli hvítir kynstofninn, afsaka fordóma sína og skýla sér á bak við staðalímyndir (Unnever og Cullen, 2012).

Með staðalímyndum er kynþáttahyggju líka viðhaldið kerfisbundið. Lögreglumenn, dómarmar og aðrir opinberir starfsmenn, búa margir hverjir yfir staðalímyndinni af hinum svarta glæpamanni. Fordómar sem þessir, hvort sem fólk er meðvitað um þá eða ekki, hafa áhrif á störf þess (Ghandnoosh, 2014, bls. 14). Þannig má segja að kerfisbundin kynþáttahyggja sér styrkt af valdastofnunum, eins og bandarísku lögreglunni og dómskerfinu, vegna þess að þeir sem skipa þessi störf, sérstaklega æðstu stöður innan kerfisins, eru oftast ekki hvítir. Frá tímum þrælahaldsins hefur dómskerfið í Bandaríkjunum verið hliðhollt þessum ráðandi hóp samfélagsins. Enn þann dag í dag má sjá leifar af lögum og reglugerðum sem settar voru á á tímum þrælahaldsins, þegar svart fólk var engu meira en eign hvítir (Anderson, 2015). Meðal þeirra er reglugerðin hæft friðhelgi (*e. qualified immunity*) sem verndar opinbera starfsmenn, til dæmis og þá sérstaklega lögreglumenn, frá því að vera gerðir persónulega ábyrgir fyrir að brjóta á stjórnarskrárbundnum réttindum borgara í starfi sínu (Ali

og Clark, 2019). Þetta er sú reglugerð sem hæstiréttur Bandaríkjanna notar hvað oftast þegar kemur að því að dæma í málum sem snúa að óhóflegri valdbeitingu lögreglu, einna helst þegar um ræðir valdbeitingu sem endar með dauða viðfangs (*e. use of deadly force*) (Anderson, 2015). Þess má einnig geta að sjálf lögreglan á rætur að rekja til þrælahaldsins. Hin svokallaða „Slave Patrol“ er hin upprunalega mynd lögreglu, hún var stofnuð til að gæta þess að svartir þrælar fylgdu þeim reglum sem hvítir eigendur þeirra settu og gæta þess að þeir flyðu ekki eða svikust undan skyldum sínum (E.Taylor o.fl., 2019, bls. 214).

Svart fólk í Bandaríkjunum býr við mismunun sem erfitt hefur reynst að uppræta þrátt fyrir áralanga baráttu. Í sumum fylkjum Bandaríkjanna er jafnvel enn reynt að koma í veg fyrir að svart fólk nýti kosningarétt sinn (Shah og Adolphe, 2019). Leifar af kynþáttahatri og hugmyndum um yfirburði hvíta kynstofnsins verða til þess að á margan hátt er svarta samfélagið enn kúgað og ófrjálst.

II: #blacklivesmatter

Þann 26. febrúar árið 2012 var 17 ára drengur að Trayvon Martin, á leið heim til föður síns og unnustu hans, eftir að hafa skroppið út í búð að versla sælgæti. Það var kvöld og hann var staddur í afgirtu hverfi (*e. gated community*). George Zimmerman, 28 ára gamall sjálfboðaliði í nágrennavörslu hverfisins, varð var við ferðir Martins og fann sig knúinn til að hringja í 911, neyðarlínu Bandaríkjanna, vegna þess að honum fannst Martin „líta út fyrir að vera á leiðinni að brjóta af sér – eða á eiturlyfjum eða eitthvað,“ (Botelho, 2012). Starfsmaður, sem svaraði í síma neyðarlínunnar, spurði George Zimmermanhvort hann væri að elta drenginn, sem hann játaði, og bað starfsmaðurinn hann þá að hætta því. George Zimmerman hlustaði ekki á þessar ráðleggingar, heldur hélt áfram að veita Trayvon Martin eftirför. Ekki er vitað með vissu hvað fór fram á milli mannanna tveggja, en nokkrum augnablikum eftir að George Zimmerman hringdi á neyðarlínuna heyrðu íbúar í hverfinu að hleypt var af byssu. Þegar lögreglan mætti á svæðið lá Trayvon Martin í blóði sínu á jörðinni og endurlífgunar tilraunir báru ekki árangur (Trayvon Martin shooting fast facts, 2020). Farið var með George Zimmerman á lögreglustöð til yfirheyrslu og var hann frjáls ferða sinna eftir það. Rúmum þremur vikum seinna hafði hann enn ekki verið handtekinn vegna málsins. Að sögn lögreglu var ástæðan sú að George Zimmerman hélt því fram að hann hefði skotið í sjálfsvörn (McVeigh, 2012). Í Flórída, þar sem atburðurinn fór fram, eru lög sem kallast „stand your ground law“ sem segja að ef að einstaklingur upplifir sig stafa hætta eða ógn af öðrum, þá hafi hann rétt á því að beita afli sem gæti dregið til dauða (*e. deadly force*) undir merkjum sjálfsvarnar (Use or threatened use of force in defense of person, e.d.). Að lokum var George

Zimmerman þó handtekinn fyrir morðið, en löng og flókin réttarhöld enduðu með því að hann var sýknaður af öllum ákærum (Alvarez og Buckley, 2013).

Þetta mál varð til þess að samtökin Black Lives Matter voru stofnuð. Morðið á Trayvon Martin vakti mikla reiði í samfélagi einstaklinga af afrískum uppruna. Spurningar vöknudu um vankanta réttarkerfisins, rasisma í lögum og vanhæfni lögreglunnar í þessu, sem og öðrum, málum þar sem fórnarlömb ofbeldis og manndráps eru svört. Black Lives Matter samtökin voru stofnuð ári eftir morðið, eða árið 2013, og starfa í Bandaríkjunum, Kanada og Bretlandi með það að leiðarljósi að brjóta á bak yfirráð hvíttra (*e. white supremacy*) og berjast gegn því markvissa og kerfisbundna ofbeldi sem samfélag svartra verður fyrir (About, e.d.). Morðið á hinum unga og óvopnaða Trayvon Martin var og er aðeins eitt af þeim mörgu málum þar sem svartir einstaklingar hafa látið lífið vegna kynþáttahyggju og staðalímýnda. Ástæðan að baki stofnun Black Lives Matter samtakanna voru ítrekuð morð hvíttra, og þá sérstaklega hvíttra lögreglumanna, á svörtum einstaklingum sem og vanhæfni dómstóla þegar kemur að því að dæma í málum sem snúa að ofbeldi og morði á fólki af afrískum uppruna.

Núna sjö árum síðar á þessi barátta enn jafnmikinn rétt á sér. Eftir morðið á George Floyd hefur Black Lives Matter fengið aukinn hljómgrunn í hinu vestræna samfélagi, bæði í Bandaríkjunum og víðar. Mikilvæg vitundarvakning fór í gang um stöðu svarts fólks í Bandaríkjunum og kynþáttahyggju almennt. Þessi vitundarvakning einskorðaðist þó ekki við Bandaríkin, heldur teygði anga sína til Evrópu og fleiri svæða heimsins. Umræða um kynþáttahyggju og mismunun byggða á húðlit var hávær á samfélagsmiðlum, auk umræðu um lögregluofbeldi. Lögreglan í Bandaríkjunum var gagnrýnd fyrir að beita ofbeldi í starfi sínu og fyrir að mismuna fólki eftir húðlit þeirra. Hún var ekki síst gagnrýnd fyrir harkalegt og oft ofbeldisfullt framferði í nýliðnum mótmælum og missa þannig enn frekar traust almennings. Fjölmörg myndskreið birtust á samfélagsmiðlum sem sýna lögreglu brjóta rúður á bílum og ráðast harkalega að mótmælendum og öðrum nærstöddum.

Daginn eftir að myndbandið af dauða George Floyds fór á flug á samfélagsmiðlum lögðu hundruðir manns leið sína út á götur Minneappolis til þess að mótmæla lögregluofbeldi og kerfisbundinni kynþáttahyggju. Í kjölfarið brutust svo út mótmæli í öðrum borgum Bandaríkjanna og samstöðu mótmæli víða í heiminum. Mótmælin, sem voru dagleg og stóðu yfir nokkra vikna tímabil og tug þúsundir manns mættu á mótmælin (D.B. Taylor, 2020). Þau náðu hámarki sínu þann 6. júní 2020, þegar um hálf milljón manns mætti á götur Bandaríkjanna, á 550 mismunandi stöðum (Buchanan o.fl., 2020). Líkur hafa verið leiddar að því að #blacklivesmatter byltingin sé sú stærsta í sögu Bandaríkjanna, en talið er að samtals

hafi á milli 15 til 26 milljónir manns tekið þátt í mótmælunum sem voru yfir 4700 talsins (Wright, 2020). Fjórar mismunandi kannanir sýna fram á þennan mikla fólksfjölda (Buchanan o.fl., 2020). Mikilvægt er að hafa í huga að #blacklivesmatter mótmælin voru ekki einn skipulagður viðburður, heldur voru þau bein viðbrögð almennings við hrottafenginni meðhöndlun lögreglumanna á svörtum manni, sem endaði með dauða hans. Þau voru á þann hátt skyndilegt og náttúrulegt svar við því ítrekaða ofbeldi sem svarta samfélaginu er sýnt. Til samanburðar má skoða kvennagönguna (*e. Women's March*) árið 2017, sem var þau skipulagður viðburður, þar sem konur streymdu út á götur til þess að mótmæla Donald Trump, þáverandi forseta landsins, tæki við embættinu. Talið er að um 3 til 5 milljón manns hafi mætt á þau mótmæli, sem gerði þau að fjölmennustu mótmælum í sögu Bandaríkjanna þar til nú (Hartocollis og Alcindor, 2017). #blacklivesmatter hefur náð að draga töluvert fleira fólk út á götur og má því áætla að almennningur telji brýnni nauðsyn til, sérstaklega þegar litið er til þess hve skyndilega mótmælin brutust út og hve litlar skipulagningar þau kröfðust.

#blacklivesmatter mótmælin hófust fyrst í Minneapolis 26. maí 2020 og kröfðust mótmælendur þess að lögreglumennirnir fjórir sem tóku þátt í handtöku, og þar með dauða, George Floyds væru handteknir og haldið ábyrgum fyrir gjörðum sínum. Fjöldi mótmælenda jókst með hverri klukkustund þennan fyrsta dag, og þegar kvöldi tók höfðu mörg hundruð manns safnast saman á götum borgarinnar til að mótmæla (D.B. Taylor, 2020). Mikil reiði kraumaði í samfélaginu og þetta kvöld bar eitthvað á skemmdarverkum ef marka má talsmann lögreglu í Minneapolis. Þá eiga mótmælendur að hafa ráðist að lögreglustöð í borginni, skemmt lögreglubíla með veggjakroti, auk þess að hafa kveikt í veitingastöðum, verslunum og fleiri byggingum (D.B. Taylor, 2020). Ekki eru allir á eitt sáttir um ólögmati þessara aðgerða mótmælenda. Justine Medina, ein af þeim fjölmörgu sem mættu á mótmæli í New York borg, segir í viðtali að hún sjái þessi viðbrögð sem afleiðingar skiljanlegrar reiði í samfélaginu og geti ekki litið á þau sem ofbeldisfull eða ófriðsamleg (J. Medina, munnleg heimild, 23. október 2020).

Lögreglumennirnir voru þrátt fyrir fjölda fólks og háværrar kröfu mótmælenda ekki handteknir heldur aðeins reknir úr starfi (A timeline of the George Floyd and anti-police brutality protests, 2020). Lögreglustjórinn í Minneapolis kallaði þó strax eftir því að FBI rannsakaði málið, þar sem skýrsla lögreglumannanna stóðst engan veginn í samanburði við myndbandið sem sýndi atburðinn eins og hann raunverulega var (D.B. Taylor, 2020). Aðgerðaleyssi lögreglu yfirvalda í Minneapolis varð til þess að dagana á eftir héldu mótmælin áfram og spruttu upp í öðrum borgum Bandaríkjanna. Mótmælin sem í kjölfarið fóru af stað

voru í sumum tilfellum skipulagðari og í mörgum tilfellum var gengið í nafni ákveðinna einstaklinga úr hinu svarta samfélagi sem hafa látið lífið vegna ofbeldis og harkalegra aðgerða af hálfu lögreglunnar. Í Louisville var skipulögð mótmælaganga í nafni Breönnu Taylor, sem skotin var til bana af lögreglumönnum þar sem hún lá í rúminu sínu; í Brunswick var gengið í nafni Ahmaud Arbery sem skotinn var af hvítum feðgum þar sem hann var úti að skokka og í Memphis og fleiri borgum var gengið í nafni George Floyds (D.B. Taylor, 2020). Minning þessara einstaklinga, auk fjölda annarra sem hafa látið lífið vegna aðgerða bandarísku lögreglunnar, eða hafa verið drepnir hvítum mönnum sem ekki hafa verið dregnir til saka, var heiðruð í mótmælagöngunum. Talið er að mótmælin hafi staðið yfir samfleytt í rúmlega 100 daga í stærri borgum landsins og færa mætti rök fyrir því að byltingin sé enn í gangi þegar þetta er skrifað (Johnson, e.d.). Sem dæmi má nefna mótmæli í Philadelphia í Bandaríkjunum eftir að lögreglumenn skutu 27 ára gamlan svartan mann, að nafni Walter Wallace, til bana þar í borg í lok október (Philadelphia police shooting of Black man sparks unrest, 2020).

Sum mótmælanna hafa verið afar fjölmenn og samkvæmt fjölmiðlum hafa þau fjölmennustu verið í Minneapolis, New York, Los Angeles, Chicago, Louisville og Atlanta (Walters, 2020). Í sumum þessara borga var sett á útgöngubann á kvöldin, sem tilraun yfirvalda til þess að hafa hemil á mótmælunum. Að mati fjölmargra mótmælenda, fjölmiðla og annarra hafa viðbrögð lögreglu verið einstaklega harkaleg og notast hefur verið við piparúða, táragas og gúmmískot, svo fátt eitt sé nefnd. Fjölmargar handtökur hafa einnig farið fram í þessum borgum og voru að minnsta kosti 200 mótmælendur handteknir í New York (May 30 coverage of nationwide unrest and ongoing protests, 2020). Í Los Angeles var lýst yfir neyðarástandi og sögðust yfirvöld þar sýna samstöðu þegar viðkemur friðsælum mótmælum, en væru í vandræðum með það ofbeldi og þau skemmdarverk sem viðgengust a (Walters, 2020). Að sögn mótmælenda, að nafni Quinn Chilton, sem tók þátt í mótmælum í Los Angeles hafði hann aldrei séð jafn marga lögreglumenn á ævi sinni. Maðurinn, sem er 32 ára, sagði eftirfarandi í viðtali sem unnið var í gegnum tölvupóst:

„Ég man þetta eins og það hefði gerst í gær, ég og kærastan mín vorum á leið heim í gegnum miðborg LA til að gera okkur tilbúin að mæta á mótmælin þetta

kvöld og urðum vitni að hundruðum LAPD ökutækja á leið í bæinn. Þetta var hryllilegt og kærastan mín brast í grát af áhyggjum um hvernig mótmælin yrðu¹.“

Chilton sagði jafnframt að fyrrum landgönguliði, sem var í herliði á vettvangi í Íraksstríðinu, hefði sagt að þetta umrædda kvöld í Los Angeles hefði verið ofbeldisfullra en nokkuð það sem hann hafði séð á sínum tveimur árum í Írak (Q. Chilton, munnleg heimild, 6. nóvember 2020). Einhver dæmi eru svo um tilfelli þar sem lögreglumenn hafa særst eftir að mótmælendur hafa kastað að þeim múrsteinum og öðrum lauslegum munum (D.B. Taylor, 2020). Jafnframt hafa að minnsta kosti 9 manns látið lífið í mótmælunum það sem af er árs (Beckett, 2020). Í mörgum tilfellum þar sem mótmælendur hafa dáið er það af höndum annarra borgara. Dæmi eru um að öfga hægrisinnaðir einstaklingar hafi komið á mótmæli til að valda usla og óeirðum. Í einu tilfelli var keyrt á pallbíl inn í hóp mótmælenda. Í öðrum tilfellum hefur mannsfall orðið vegna aðgerða lögreglu. Fólk hefur dáið vegna lífshættulegra meiðsla eftir gúmmíkúlur en einnig eftir raunveruleg skot lögreglu í átt að mótmælendum. Til dæmis skaut lögreglan í Las Vegas mótmælenda til bana. Sá hafði mætt einn síns liðs á mótmælin vopnaður mörgum mismunandi byssum (Torres-Cortez, 2020). Flestir mótmælendur, ásamt þeim sem standa að skipulagningu mótmælanna, hafa fordæmt það að fólk mæti vopnað á mótmæli, sérstaklega í fyrstu mótmælunum þegar mikil reiði kraumaði í fólki og allt benti til þess að átök gætu brotist út.

Mótmælin hafa iðulega byrjað friðsamlega þó svo að þau hafi í mörgum tilfellum endað í óreiðu. Viðbrögð borgaryfirvalda við þeim hafa verið afar misjöfn og hafa sum hver lýst yfir stuðningi við friðsamleg mótmæli. Í 21 fylki Bandaríkjanna var landvarnarlið kallað út til aðstoðar lögreglu vegna meintra óeirða og skemmdaverka (D.B. Taylor, 2020). Margir hafa gagnrýnt framferði lögreglu í #blm mótmælum. Töluvert hefur borið á því að lögregla bregðist við með mun meiri hörku en eðlilegt gæti talist, jafnvel í þeim mótmælum sem fara fram friðsamlega. Þannig hefur lögregla beitt tárágasi á mótmælendur, keyrt inn í mótmæli og skotið á mótmælendur með baunapokum (*e. beanbag rounds*) og gúmmíkúlum, sem skotið er úr byssum en eiga ekki að geta dregið viðföng til dauða, þó vissulega geti þau valdið miklum skaða (Berman og Wax-Thibodeaux, 2020). Dæmi eru um að lögregla hafi handtekið friðsama mótmælendur, notað rafbyssur (*e. taser*) og valdið öðrum skaða. Sömuleiðis eru

¹ „I can remember it vividly, my girlfriend and me were driving through downtown LA headed home to get ready to join the protest that evening and we witnessed rows of hundreds of LAPD vehicles flooding into downtown. It was scary, it had my girlfriend in tears and worried what the protest was going to be like“ (Q. Chilton, munnleg heimild, 6. nóvember 2020).

dæmi um að lögregla hafi hleypt af raunverulegum skotum og banað mótmælendum og í einu tilfelli skaut liðsmaður landvarnarliðsins veitingastaðareiganda af afrískum uppruna til bana (Mazzei, 2020). Mótmælin hafa einkennst af mikilli sorg og reiði og viðbrögð lögreglu oftast en ekki olía á eldinn, sérstaklega fyrir svarta mótmælendum (Russo, 2020).

Þá eru dæmi um lögreglumenn sem lýst hafa yfir stuðningi með #blm hreyfingunni og sumir hverjir hafa kropsið með mótmælendum sem svar við hrópum á borð við „NYPD take a knee“ (Griffith, 2020). Myndbönd af þessum viðbrögðum lögreglu hefur verið dreift á samfélagsmiðlum, oft við mikið lof hvíta samfélagsins. Þessar aðgerðir hafa þó ekki einungis hlotið jákvæða athygli, heldur hafa þær verið gagnrýndar, sérstaklega af svörtum mótmælendum. Þær eru taldar bera vitni um falska samstöðu með mótmælendum, eins og sjá má af Twitter færslu Roxane Gay:

„Ég þarf löggur og stjórnámamenn og hvítt fólk í víðari skilningi að hætta að krjúpa. Við þurfum ekki á því að halda að þið krjúpið. Við þurfum ykkur til að standa upp fyrir raunverulegri, róttækri og endanlegri breytingu²“

Sumir mótmælendum hafa einnig kallað þessar tilraunir lögreglumanna til að sýna samstöðu almannatengsla bragð (*e. PR stunt*) til að líta vel út í fjölmiðlaumfjöllun (Chen, 2020). Hvort sem um er að ræða einlægán samhug eða sýndarmennsku er ljóst að sama hversu margir lögreglumenn fari á hnén, þá er það langt frá því að vera nóg til þess að knýja fram breytingar (Abraham, 2020). Atferlið hefur einnig verið gagnrýnt í einhverjum tilfella innan raða lögreglumanna, sem trúá því að þeir eigi ekki að taka þátt í mótmælunum. Einn lögreglumaður viðurkenndi að hann hafi upplifað sig undir pressu frá mótmælendum í augnablikinu og það hafi verið ástæða þess að hann hafi kropsið með þeim. Þessi sami lögreglumaður gekk svo langt að senda skriflega afsökunarbeiðni til samstarfsfélaga sinna og lýsa yfir iðrun sinni. Sagðist hann þá ekki geta sofið af hryllingi yfir gjörðum sínum (Griffith, 2020). Með þetta í huga er því enn frekar hægt að leiða líkur að því að í langt frá því öllum tilfellum er um raunverulega samstöðu lögreglumanna að ræða.

Það að krjúpa niður á annað hné er ein af þeim táknrænu athöfnum sem viðhöfð hefur verið í mótmælunum. Athöfnin er komin frá því þegar leikmaður í bandaríska fótboltanum, Colin Kaepernick, neitaði að standa upp af bekknum, þegar þjóðsöngurinn var sunginn í byrjun leiks árið 2016. Sagðist hann þá ekki geta staðið stoltur undir fána lands sem mismunar og þjarmar að fólki lituðu á hörund (Black Lives Matter: Where does „taking a

² „I need cops and politicians and white people more broadly to stop kneeling. We don't need you to kneel. We need you to stand up for real, radical, sustained change“ (Gay, 2020).

knee“ come from?, 2020. Önnur gegnumgangandi táknræn tjáning er slagorðið „ég get ekki andað“, en það voru síðustu orð George Floyds auk fleiri svartra manna, sem orðið hafa fyrir barðinu á hinum umdeildu hálstökum bandarísku lögreglunnar. Einnig hafa nöfn svartra fórnarlamba kynþáttahyggju verið hrópuð og rituð á skilti, auk þess sem mótmælagöngur í sumum borgum Bandaríkjanna hafa verið nefndar í höfuðið á einstaklingum sem látið hafa lífið vegna kynþáttahyggju. Sömuleiðis hefur þessi táknræna tjáning verið mjög sýnileg á samfélagsmiðlum og oft birt með myndum af þeim sem látið hafa lífið eða mótmælunum sjálfum, svo dæmi séu nefnd. Heill dagur var svo tileinkaður svörtu fólki sem látið hefur lífið og deildu þá margir alveg svartri mynd, gjarnan með slagorði, á samfélagsmiðlum sínum, undir yfirskriftinni „Blackout Tuesday“.

Eins og áður hefur komið fram hefur mótmælaaldan #blacklivesmatter verið kölluð bylting. Hugtakið bylting felur í sér miklar og snarpar breytingar á stjórnarháttum, samkvæmt alfræðiorðabókinni Britannica. Einnig er hugtakið notað þegar um bæði róttækar og djúpstæðar breytingar, hvort sem það er í tengslum við stjórnkerfi, tækni eða eitthvað annað (Revolution, 2020). Á íslensku hefur oft verið talað um #blacklivesmatter mótmælin sem byltingu, en á ensku eru oftast talað um hreyfingu (*e. movement*). Til að geta kallað hreyfingu eins og #blm byltingu þurfa að verða breytingar í kjölfarið, en #blacklivesmatter hefur einmitt náð að knúa fram nokkrar breytingar. Þessar breytingar eru vissulega mikilvægar, þó þær séu ekki nema dropi í haf þeirra breytingar sem þarf að fara í til að vinna á kerfisbundinni kynþáttahyggju.

Fyrst má nefna að borgarstjórn Minneapolis lofaði breytingum á skipulagi lögreglunnar. Meirihluti fulltrúa í borgarstjórn kaus með tillögu um að leysa upp (*e. dismantle*) lögregluna í núverandi mynd. Borgarstjórnin hét mótmælendum því að vinna að því að finna betri lausn til að tryggja öryggi borgarbúa (Searcy og Eligon, 2020). Þess má þó geta að borgarstjóri Minneapolis, Jacob Frey, er ekki hlynntur þessari tillögu (Re, 2020). Hann telur lögregluna mikilvæga til að tryggja öryggi almennings en að þó sé mikilvægt að uppræta þá kynþáttahyggju sem þar er búin að skjóta rótum. Borgarstjórnin, sem Jacob Frey fer fyrir, er þrátt fyrir allt sögð hafa nægan meirihluta til að vega upp á móti atkvæði hans þegar kemur að því að kjósa um tillöguna (Searcy og Eligon, 2020). Ekki er ljóst hvernig borgarstjórnin ætlar að framkvæma þessi loforð og því ekki enn hægt að segja til um hvort hún standi við þau.

Borgarastjórnin í New York var fyrst af öllum til að bregðast við mótmælunum af alvöru. Ríkisstjóri New York, Andrew M. Cuomo, skrifaði undir nokkrar tillögur af lögum og

lagabreytingum, aðeins þremur vikum eftir dauða George Floyd. Þar á meðal voru lög sem leggja bann við öllum kyrkingartökum lögreglumanna. Auk þess voru lögð af lög um leynd á skýrslum um hegðun og hegðunarbrot einstakra lögreglumanna. New York er eitt af fáum ríkjum sem enn höfðu slík lög, en talið er að þau lög eigi mikinn þátt í að viðhalda því kerfisbundna ofbeldi sem minnihlutahópar í Bandaríkjunum verða fyrir í réttarkerfinu (Ferré-Sadurní og McKinley, 2020). Auk þess skrifaði Cuomo undir lög sem kveða á um að veita sérstaka aðstoð eða úrræði (*e. recourse*) handa fólki sem telur að einhver hafi kallað á lögregluna vegna kynþáttar, kyns, þjóðernis eða aðra þátta sem varða samfélagslega stöðu þeirra. Einnig var lögð fram tillaga um að dregin yrði 1 milljarður dollara af þeim 6 er fara til lögreglunnar í New York, en Cuomo samþykkti hana ekki. Hann sagðist tilbúinn að leita annarra lausna, en tryði því hins vegar ekki að minnkuð fjárframlög til lögreglunnar væri ein þeirra. Hann setti þó fram þá kröfu að lögreglan í New York yrði að nútímavæða aðferðir sínar með aðstoð samfélagsins, eða hún ætti á hættu að ógilda rétt sinn til að sækja um fjárframlög frá ríkinu (Ferré-Sadurní og McKinley, 2020). Fleiri ríki bönnuðu lögreglumönnum að nota flest eða öll kyrkingartök. Þar á meðal má nefna Minneapolis, Denver, Dallas, Houston og höfuðborgina Washington (Fueng, 2020).

Í Mississippi voru skrifuð undir lög sem segja til um að einkennis fáni ríkisins, sem verið hefur í notkun síðan 1894, skuli lagður niður. Ástæða þess er sú að fáninn inniheldur merki Suðurríkjana, þeirra ríkja sem sögðu sig frá öðrum ríkjum Bandaríkjanna í borgarastríðinu 1861 til 1865 (Weber og Hassler, 2020). Suðurríkin hafa lengi verið tengd við kynþáttahyggju, en þau reiddu afkomu sína nánast eingöngu á þrælahaldi, jafnvel þó svo að önnur ríki fordæmdu slíkt og hefðu afnumið það í flestum öðrum ríkjum á þeim tíma er um ræddi. Það að leggja bann við ríkis fánanum í núverandi mynd er því mikilvægt skref fyrir réttinda baráttu svartra í suðurríkjum Bandaríkjanna. Þess má einnig geta að fjölmörg minnismerki um Suðurríkin hafa verið rifin niður víða í Bandaríkjunum, bæði stytur og önnur tákn. Til dæmis fjarlægðu mótmælendur stytta af þekktum þrælasala, sem staðsett var í Brispol (A timeline of the George Floyd and anti-police brutality protests, 2020).

Að lokum er vert að geta þess að #blacklivesmatter hreyfingin er talin hafa haft gífurleg áhrif á forsetakosningarnar sem fram fóru 3. nóvember 2020 og féllu Joe Biden í vil. Skoðanakönnun sem fól meðal annars í sér spurninguna hvort #blm mótmælin hefðu haft áhrif á atkvæði þeirra í forsetakosningunum sýndi að 9 af hverjum 10 kjósendum í Bandaríkjunum töldu mótmælin hafa haft áhrif (Tavernise og Eligon, 2020). Hinsvegar eru kjósendir ekki á eitt sáttir um hvernig mótmælin hefðu áhrif og var mjög mjótt á munum hjá þeim sem sögðust kjósa Biden vegna áhrifa #blacklivesmatter og þeirra sem kusu Trump

vegna óeirða og annars sem fylgdi mótmælunum. Hlutföll þeirra sem sögðust kjósa Biden vegna áhrifa frá #blacklivesmatter hreyfingunni var 53% á móti 46% kjósenda sem kusu Trump vegna þeirra. Kjósundur virðast þannig klofnir í skoðunum sínum á forsetaframbjóðendum, þrátt fyrir að Biden hafi fengið meirihluta atkvæða. Black Lives Matter samtökin hvöttu borgara af afrískum uppruna til að taka þátt í forsetakosningunum. Eftir að úrslit kosninganna urðu ljós fóru myndir með þeim skilaboðum að Bandaríkjamenn ættu að þakka svörtum konum fyrir hinn nýja forseta, í dreifingu á samfélagsmiðlum og gáfu þannig í skyn að svarta samfélagið hafi tryggt sigur Joe Bidens með met þátttöku svartra í kosningunum. Hvort þátttaka svartra kjósenda hafi verið meiri í þessum forsetakosningum miðað við fyrri og hvort áhrif þess hafi verið Biden í vil á þó enn eftir að koma í ljós.

Miðað við ofangreindar forsendur og þær viðamiklu breytingar sem #blacklivesmatter hefur haft í för með sér má með sanni kalla þessa mótmælaöldu og mikilvægu vitundarvakningu byltingu – nútíma byltingu.

III: Krísur og krísur ofan á krísu

Hægt er að skilgreina krísu (*e. crisis*) á ýmsan hátt. Ein skilgreining krísu er til dæmis sú að krísa sé mikil ógn sem geti haft verulegar, neikvæðar afleiðingar sé ekki tekið rétt á henni (Coombs, 2007a). Önnur skilgreining er sú að krísa sé ákvarðandi tímunktur í röð atburða sem marki breytingar til hins betra eða verra (Sverige og Krisberedskapsmyndigheten, 2004). Þannig má segja að krísa sé atburður eða atvik sem kallar á skjót viðbrögð, til að takmarka neikvæðar afleiðingar hennar. Krísur eru fjölbreyttar og einkenni eru breytileg eftir tegund þeirra. Þó eru nokkrir þættir sem talið er að einkenni flestar krísur. Í fyrsta lagi eru þær yfirleitt óvæntar og koma upp skyndilega, í öðru lagi skapa þær ógn eða krefjandi aðstæður, sem stundum geta verið hættulegar og í þriðja lagi krefjast krísur tafarlausra viðbragða, oft á máta sem ekki er hægt að hafa fulla stjórn á. Krísur geta svo haft óútreiknanlegar afleiðingar sem ekki er hægt að sjá fyrir og gera það því enn erfiðara fyrir að bregðast við krísunni. Að lokum hafa krísur yfirleitt þann eiginleika að þær vekja upp áhuga og forvitni almennings og fjölmiðla, sem einnig getur haft áhrif á afleiðingar krísunnar (Sverige og Krisberedskapsmyndigheten, 2004, bls. 6).

Þrátt fyrir að hægt sé að telja upp þætti, eins og hér að ofan, sem einkenna krísur er ekki þar með sagt að fólk upplifi sömu atburði sem krísu, eða upplifi krísur á sama hátt. Oft er það þannig að þeir sem valda eða bera ábyrgð á krísu, hvort sem ábyrgðin er lítil eða mikil, eiga erfiðara með að koma auga á hana. Í mörgum tilfellum eru það hagaðilarnir (*e.*

stakeholders) sem fyrstir koma auga á krísuna. Eigendur og starfsfólk skipulagsheilda (*e. organizations*) eiga jafnan erfiðara með að koma auga á krísu og er í sumum tilvikum ekki tilbúið til að viðurkenna krísuna. Í fræðunum er krísa skilgreind sem svo að ef hagaðili upplifir atburð sem krísu og atburðurinn hefur áhrif á hagaðilann, þá er atburðurinn krísa (Coombs, 2015). Með öðrum orðum það sem virðist vera krísa er krísa. Á sama hátt geta eigendur og starfsfólk misreiknað alvarleika krísunnar, sérstaklega ef hún snertir þá ekki á sama hátt og hún snertir hagaðila. Það getur orðið til þess að ekki er brugðist rétt við krísunni og jafnvel ýtt undir neikvæðari afleiðingar og áhrif á hagaðila en annars hefði verið.

Til að meta áhrif og afleiðingar krísa er hægt að skilgreina þær á þrennan hátt; óvilja krísur, afstýranlegar krísur og hamfarir (Coombs, 2007b, bls. 167). Með því að flokka krísur á þennan hátt er hægt að greina hvar ábyrgðin liggur og eins greina mögulegar afleiðingar hennar. Óvilja krísur eru krísur þar sem skipulagsheild ber litla eða mjög litla ábyrgð. Þetta eru til dæmis slys af völdum tæknigalla í vöru og eins innkallanir vara vegna galla í vöru. Einnig geta þetta verið ásakanir, sem ekki standast skoðun, eins og til að mynda þegar hagaðili sakar skipulagsheild um að starfa á óviðeigandi hátt þrátt fyrir að engar heimildir séu fyrir slíku. Þegar um óvilja krísu er að ræða eru áhrif á orðspor skipulagsheildar hvorki afgerandi neikvæð né jákvæð og er oft talað um miðlungs áhrif á orðspor. Afstýranlegar krísur eru krísur þar sem skipulagsheild ber mikla eða mjög mikla ábyrgð. Hér er um að ræða krísur þar sem skipulagsheild, eða einstaklingur innan hennar, er meðvituð um afleiðingar gjörða sinna, en framkvæmir þær samt. Þetta getur til dæmis verið að svíkja undan skatti eða slys á fólki vegna mannlegra mistaka. Þegar um afstýranlega krísu er að ræða eru áhrifin á orðspor skipulagsheildarinnar mikil eða mjög mikil. Þriðji flokkur krísu eru hamfarir, en hamfarir eru krísur þar sem skipulagsheild ber mjög litla eða alls enga ábyrgð. Þetta eru yfirleitt náttúruhamfarir eins og snjóflóð, eldgos, flóð, fellibylir eða aðrir slíkir atburðir, sem ekki er með nokkru móti hægt að hafa stjórn á með mannlegum mætti. Áhrif hamfara á orðspor skipulagsheildar eru þar af leiðandi yfirleitt engin eða í algjöru lágmarki (Coombs, 2007b, bls. 168). Til að öðlast betri skilning á krísum eru þær jafnframt flokkaðar eftir afleiðingum þeirra eða áhrifasviði. Þannig eru sumar krísur fyrst og fremst orðspors krísur. Orðspors krísur hafa áhrif á orðspor (*e. reputation*) skipulagsheildarinnar og ánægju viðskiptavina og hagaðila með viðkomandi skipulagsheild. Aðrar krísur hafa svo fyrst og fremst áhrif á fjárhag skipulagsheildarinnar, en minni áhrif út á við. Enn aðrar krísur eru svo þær krísur sem stofna lífi og limum hagaðila og/eða almennings í hættu, eða hafa skaðleg áhrif á náttúruna og lífríki hennar – eins og til dæmis olúslys. Þessar krísur eru jafnframt þær alvarlegustu og í mörgum tilfellum eru þetta afstýranlegar krísur.

Þegar upp kemur krísa skiptir máli hvernig henni er svarað. Ef krísu er svarað seint eða ekki er brugðist við henni sem skildi getur það skapað nýja krísu. Sömuleiðis getur krísum fjölgað ef skipulagsheild neitar að viðurkenna að krísa hefur komið upp – eða ef hún áttar sig ekki á að um krísu er að ræða. Einnig geta nýjar krísur orðið til ef að skipulagsheild áttar sig ekki á alvarleika hinnar fyrstu krísu og bregst því ekki nægilega fljótt eða vel við. Þetta er kallað að búa til krísu ofan á krísu. Þegar krísum fjölgar verður erfiðara að bregðast við þeim og áhrifin á orðspor skipulagsheildarinnar geta orðið gífurleg. Með þetta í huga er mikilvægt fyrir skipulagsheildir að bregðast snemma við krísum og að vera undirbúin undir þær krísur sem kunna að koma upp.

Þegar við skoðum #blacklivesmatter byltinguna, og viðbrögð lögreglu og yfirvalda í Bandaríkjunum við henni, má sjá mikinn fjölda ólíkra krísa. Ef litið er á dauða á George Floyd sem hina fyrstu krísu má færa rök fyrir því að viðbrögð yfirvalda við henni hafi búið til nýjar krísur. Þannig héldu áfram að verða til krísur ofan á hina fyrstu krísu í gegnum mótmælin og enn þann dag í dag eru yfirvöld í Bandaríkjunum að kljást við krísur sem komið hafa upp vegna þessarar fyrstu skilgreindu krísu. Þó ber að minna á að morðið á George Floyd er hvorki upphafspunktur byltingarinnar né endir hennar. Hér verður þó gengið út frá því sem kveikjunnar að mótmælaöldunni sem hófst vorið 2020 og upphaf þeirra fjölmörgu krísa sem urðu til í kjölfarið.

Þegar starfsmaður verslunarinnar sem George Floyd sótti heim, þann örlagaríka dag í maí, hringdi í neyðarlinuna 911, vegna gruns um að George Floyd hafi greitt með fölsuðum peningum, sagði hann þeim sem svaraði í símann að maðurinn virtist vera undir mjög miklum áhrifum og ekki hafa stjórn á sjálfum sér (Karimi, 2020). Lögreglumennirnir fjórir sem mættu á svæðið eru því með það í huga að þeir séu að bregðast við mjög drukknum manni sem ræður ekki við sjálfan sig og má því búast við að þeir séu í huga sínum búnir að undirbúa sig fyrir einhver átök eða erfiðleika, miðað við þær upplýsingar sem gefnar höfðu verið. Af mynskeiðinu, sem sýnir lögreglumennina mæta á svæðið hver á fætur öðrum, og afskiptin af George Floyd í kjölfarið má sjá að hann sýnir enga mótspyrnu og virðist langt frá því drukkinn (D.B. Taylor, 2020). Hann er hinsvegar í uppnámi, með innilokunarkennd ef marka má frásagnir fjölmiðla, og sýnir merki um mikinn ótta. Hér er því fyrsta augnablikið sem hægt hefði verið að afstýra komandi krísu og bregðast við af meiri ró og samhug. Lögreglumennirnir taka ekki mið af raunverulegum viðbrögðum George Floyds, heldur virðast litaðir af þeim upplýsingum sem þeir fengu við útkallið. Þeir bregðast við af miklu afli og hörku og, eins og við nú vitum, enda afskiptin á því að lögreglumaðurinn Derek Chauvin

heldur Floyd föstum við jörðina með hné á hálsi hans, sem raunar er ekki löglegt samkvæmt reglum í Minnesota (Orenstein, 2020). Jafnvel þó að Chauvin beiti hálstaki sem er ólöglegt í mörgum fylkjum Bandaríkjanna og var ólöglegt miðað við aðstæður, stígur enginn af hinum lögreglumönnum inn í til að stoppa hann og þegar sjúkraliðar mæta á svæðið grípur enginn inn í (Hauck og Wagner, 2020). Miðað við þessar forsendur er þessi fyrsta krísa afstýranleg krísa. Fjölmörg tækifæri voru fyrir hlutaðeigendur, það er að segja lögreglumenn og sjúkraliða, til að grípa inn í atburðarrásina. Ábyrgð lögreglumannanna er því mjög mikil og sömuleiðis ábyrgð lögreglu yfirvalda og borgarstjórnarinnar í Minneapopolis. Vert er að bæta því við að skýrsla lögreglumanna stangaðist verulega á við þá atburði sem sjá má á myndbandinu og því var ákveðið að láta FBI, bandarísku alríkislögregluna, rannsaka málið frekar (Four Minnesota police officers fired after death of unarmed black man, 2020). Vegna þess að krísan var afstýranleg og ábyrgð lögreglumannanna mjög mikil eru áhrifin á orðspor lögreglunnar í Minneapopolis mikil.

Einn af lykilþáttum þessarar fyrstu krísu er sá að vitni voru að allri atburðarrásinni. Vitni sem höfðu vit á því að taka atburðinn upp á myndavél. Myndbandið fór svo, eins og áður segir, í dreifingu á samfélagsmiðlum með þeim afleiðingum að milljónir manns urðu vitni að því sem gerðist. Hér er því hægt að varpa fram spurningunni um hvort afleiðingar þessarar krísu hefðu orðið þær sömu, ef ekki hefði verið fyrir dreifingu myndbandsins. Líkur má leiða að því að ef myndbandið hefði ekki farið í dreifingu hefðu afleiðingar krísunnar verið aðrar. Þeir sem báru ábyrgð á morðinu hefðu þá mögulega sloppið við að axla hana og mótmælin hefðu mögulega ekki orðið jafn stór og raun bar vitni, eða málið hlotið jafn mikla athygli í fjölmiðlum.

Ofan á þessa fyrstu krísu verður svo til önnur krísa þegar lögreglu yfirvöld í Minneapopolis handtaka ekki strax lögreglumennina fjóra sem komu að morðinu á George Floyd, heldur reka þá einungis úr starfi (Four Minnesota police officers fired after death of unarmed black man, 2020). Þrátt fyrir sannanir á borð við umrætt myndband, viðurkenna yfirvöld þannig aðeins að hálfu það voðaverk sem lögreglumennirnir frömdu og taka ekki fulla ábyrgð á málinu. Þetta veldur enn reiði á meðal almennings, ekki síst í svarta samfélaginu og á meðal minnihluta hópa. Samkvæmt Coombs hafa hagaðilar og almenningur ákveðnar væntingar um það hvernig skipulagsheildir skuli starfa. Þessar væntingar geta snúið að öryggi almennings, umhverfi, fjármálum og samfélagslegri ábyrgð. Ef að skipulagsheild uppfyllir ekki þessar væntingar sem skyldi, þegar upp kemur krísa, getur það valdið reiði og uppnámi hjá hagaðilum og sett samband skipulagsheildarinnar við þá í hættu (Coombs, 2015). Þannig er það ein af væntingum almennings, sem er einn af hagaðilum lögreglunnar,

að lögreglan tryggði öryggi þeirra. Þegar hún gerir það ekki og upp kemst, eins og í þessu tilfelli, að hún leyfi hrottafengnu ofbeldi að viðgangast, hefur það neikvæð áhrif á orðspor hennar; eins og sjá má af kröfum margra mótmælenda um að uppræta lögregluna í núverandi mynd (Kaba, 2020). Samband skipulagsheildarinnar, lögreglunnar, og hagaðila, almennings, hefur orðið fyrir miklum skaða.

Eins og til að bæta ofan á þessar krísur, dauða George Floyds og mótmælanna vegna skorts á ábyrgð, var hegðun lögreglu í mótmælunum sem brutust út í kjölfarið, ofbeldisfull og gerði lítið til að bæta orðspor hennar. Þvert á móti urðu viðbrögð lögreglu til þess að mótmælin urðu enn háværari. Myndband náðist af lögregluföringja í Washington segja við lögreglulið sitt „ekki drepa þau, en mætið þeim af hörku³“. Viðhorf þessa lögregluföringja virðist einkenna viðbrögð lögreglu við mótmælunum ef marka má frásagnir einstakra mótmælenda. Margir þeirra vilja meina að þeir finni til enn minna trausts til lögreglunnar en áður. Þá segir Justine Medina, sem var á mótmælum í New York eftirfarandi þegar hún var spurð hvort viðhorf hennar til lögreglunnar hefði breyst eftir mótmælin:

„Ég upplifði Bandarísku lögregluna nú þegar sem kapítalískt og spillt kerfi, skapað til að viðhalda yfirráðum hvíttra, stjórnað af hinum ríku og að hluta til stjórnað af þjóðernissinum, þannig að nei, viðhorf mitt hefur ekki breyst. Ég hef lengi barist fyrir upprætingu fangelsa og mér finnst jákvætt að sjá þá breytingu sem orðið hefur á viðhorfi almennings til lögreglunnar. Fleira fólk virðist vera að átta sig á þeim kerfisbundnu vandamálum sem við stöndum frammi fyrir og að uppræting sé nauðsynleg. Ég vona að það haldi áfram⁴“.

Lögreglan beitti valdi í mótmælum um öll Bandaríkin, undir því yfirskini að vera að stilla til friðar og hafa hemil á einstaka óeirðaseggjum meðal mótmælenda. Þar að auki var landvarnarliðið kallað út, til aðstoðar lögreglu. Samkvæmt fjölmiðlum og frásögnum mótmælenda standast þessar yfirlýsingar lögreglu ekki, heldur beittu löggæsluaðilar valdi hvort sem við kom friðsömum mótmælendum, mótmælendum sem ekki voru friðsamir, áhorfendum, fjölmiðlafólki eða í raun hverjum sem var (Berman og Wax-Thibodeaux, 2020). Forseti Bandaríkjanna á þessum tíma, Donald Trump, hvatti lögreglu einnig áfram á Twitter aðgangi sínum með tísti (*e. tweet*) sem hljóðaði á þá leið að „þegar óeirðirnar byrjuðu, þá

³ „Don't kill them, but hit them hard.“ (Berman og Wax Thibodeaux, 2020).

⁴ I already saw the US Police as a capitalist, corrupt, white supremacist system, controlled by the rich, and run in a large part by literal white supremacists, so no, it has not changed. As a long time, prison abolitionist, it has been nice to notice the change in the general public's reaction to police though. More people seem to be moving in the direction of understanding the systemic problems, and that abolition is necessary. I hope that continues. (J. Medina, munnleg heimild, 23. október 2020).

myndi lögreglan byrja að skjóta⁵. Twitter setti aðvörðun á tíst forsetans um að það bryti gegn reglum samfélagsmiðilsins með því að upphefja ofbeldi (Officer who knelt on George Floyd's neck arrested on muder charge, 2020). Forsetinn eykur því á þá krísu sem fyrir er. Ljóst er að þessi valdbeiting var bæði óhófleg og óþörf. Með viðbrögðum sínum á mótmælum bjó lögreglan til enn aðra krísu, sem var eins og fyrri tvær, afstýranleg. Fjölmíðlafólk hefur kvartað undan hegðun lögreglunnar, en útsendarar ýmsra fjölmiðla í Bandaríkjunum hafa orðið fyrir gúmmíkúlum, táragsi og öðrum tólum sem lögreglan hefur notað á mótmælum (Dewan og Baker, 2020). Blaðakonan Molly Hennesy-Fiske, sem starfar á LA Times, segir frá því í myndbandi á Twitter aðgangi sínum að hún og fjölmargir aðrir útsendarar fjölmiðla hafi orðið fyrir táragsi sem lögreglan kastaði á þau, þrátt fyrir að þau höfðu gert grein fyrir sér og starfi sínu (Hennesy-Fiske, 2020).

Valdbeiting bandarísku lögreglunnar, og öðrum löggæslu aðilum, í #blm hefur gengið svo langt að hún hefur verið gagnrýnd af mannréttindasamtökunum Amnesty International. Samtökin berjast fyrir mannréttindum um allan heim og hafa Mannréttinasáttmála Sameinuðu Þjóðana að leiðarljósi. Þau eru hvorki háð stjórnámálum líðandi stundar né trúarbrögðum (Who we are, e.d.). Amnesty International vann að þessu tilefni skýrslu í tengslum við framferði lögreglu í #blacklivesmatter mótmælunum. Í henni er greint frá 125 ólíkum atvikum á tímabilinu 26. maí til 5. júní, þar sem Amnesty telur lögregluna hafa brotið á mannréttindum mótmælenda, sjúkraliða, fjölmíðlafólks og fulltrúum mannréttindasamtaka (*e. legal observers*) og ná atvikin til 40 fylkja Bandaríkjanna (USA: The World is Watching. Mass Violations by U.S. Police of Black Lives Matter Protesters' Rights, 2020, bls. 6). Í skýrslunni kemur fram að lögreglan braut rétt almennings til að mótmæla friðsamlega. Lögreglan beitti táragsi, piparúða, gúmmi- og baunaskotum á friðsama mótmælendur, blaðamenn og aðra. Ekki virtist skipta máli hvort blaðamenn og starfsmenn mannréttindasamtaka gerðu grein fyrir starfi sínu á mótmælunum. Einnig eru dæmi um að lögreglan hafi lagt í rúst bása sem augljóslega voru aðstaða fyrir sjúkraliða til að taka á móti særðum mótmælendum (USA: The World is Watching. Mass Violations by U.S. Police of Black Lives Matter Protesters' Rights, 2020, bls. 6). Þess fyrir utan kemur fram í skýrslu Amnesty að fjölmargir mótmælendur, blaðamenn og aðrir, voru handteknir að því er virtist eftir geðþótta ákvörðunum lögreglunnar. Enn og aftur er hér um afstýranlega krísu að ræða. Krísan hefur áhrif á orðspor lögreglu og yfirvalda og veldur bæði fjárhagslegu tjóni og

⁵ „[...]when the looting starts, the shooting starts“ (Trump, 2020).

líkamlegum skaða almennings. Hún hefur því áhrif á alla þá þrjá þætti sem krísur eru flokkaðar eftir samkvæmt Coombs (Coombs, 2015, bls. 4).

Lögreglan hefur ekki einungis beitt því sem kallað er óhóflegt vald í mótmælunum (*e. excessive force*) heldur hefur hún líka beitt valdi sem dregur eða getur dregið til dauða (*e. lethal force*). Veitingarstaðareigandinn David McAtee var skotinn til bana í aðgerðum lögreglu í Louisville í byrjun júní. Útgöngubann var í borginni á kvöldin, sem liður í aðgerðum lögreglu til að sporna við mótmælum. Hópur fólks hafði, þrátt fyrir þetta, komið saman í nágrenni veitingarstaðar McAtee. Lögregla og landvarnarlið mætti á svæðið og reyndi að tvístra hópnum með því að varpa pipar sprengjum (*e. pepper balls*) inn í hópinn. Fólk reyndi að flýja inn á veitingastað McAtee, sem kom þá út um dyrnar til að svipast um – vopnaður byssu í annarri hendi. Tveir lögreglumenn og tveir landvarnarliðar skutu samtals 18 skotum og eitt þeirra hitti McAtee beint í bringuna, sem varð honum að bana (Joseph, 2020). David McAtee var svartur og lögreglumennirnir hvítir. Lögreglumennirnir voru hinsvegar reknir og dregnir til saka, þvert á það sem þekktist í máli Floyds og Breonnu Taylor svo dæmi séu tekin. Lögreglustjóra Louisville var einnig sagt upp störfum vegna þess að lögreglumennirnir voru ekki með kveikt á myndavélunum á búningum sínum (Joseph, 2020). Spurningar hafa vaknað um það hvort lögregla og landvarnarlið hefðu nokkur tíman farið með slíkum hætti inn í hvítt hverfi til að tryggja að borgarar virtu útgöngubann. Ætla má að svo sé ekki, heldur hefðu löggæslu aðilar fyrst reynt að telja borgarana á að fara heim með því að ræða við þá. Þetta hefðu verið eðlilegri viðbrögð við aðstæðunum. Það er því nokkuð skýrt að þessar aðgerðir eru litaðar af kynþáttahyggju, eins og virðist gegnumgangandi þráður í aðgerðum lögreglu í mótmælunum. Víða í Bandaríkjunum hefur lögreglan hlotið mikla gagnrýni fyrir úrelt vinnubröð sem byggja á mismunun kynþátta. Að sögn Eric Hageman, lögmans í Minneappolis sem unnið hefur að mörgum málum sem snúa að ofbeldi af hálfu lögreglu, hefur lögreglan þar í borg langa og hrottafengna sögu um ofbeldi og notkun valds – sérstaklega gagnvart lituðu fólki (Hauck og Wagner, 2020). Það er því ansi djúpt á þeim krísum sem lögreglan í Bandaríkjunum hefur skapað sér í gegnum mótmælin.

Ef þessar krísur eru skoðaðar með tilliti til þeirra þriggja flokka sem Coombs setur fram má sjá að þær eiga ansi margt sameiginlegt. Coombs skiptir krísum í þrjá flokka; þolendakrísu (*e. victim crisis*) þar sem skipulagsheildin sjálf er þolandi krísu eins og þegar um ræðir hamfarir, sögusagnir og fleira; óviljakrísa (*e. accidental crisis*) þar sem um slys er að ræða eða óviljaverk eins og vörutjón vegna tæknierfiðleika eða samfélagslegar áskoranir; og svo afstýranlega krísu (*e. preventable crisis*) þar sem skipulagsheild leggur hagaðila vísitandi í

hættu, brýtur lög eða gerir ekkert til að koma í veg fyrir krísu. Þær krísur sem komu upp í #blacklivesmatter frá og með þeirri fyrstu, sem hér er gengið út frá að sé morðið á George Floyd, má sjá að allar eru afstýranlegar og hafa orðið til vegna mannlegra bresta. Það þýðir að ábyrgð lögreglu og yfirvalda er í þeim öllum mikil eða mjög mikil (Coombs, 2007a, bls. 8). Í eðli sínu einkennast krísurnar af því að þær ógna allar öryggi almennings, sem og fjárhag almennings, hagaðila og skipulagsheildarinnar, þ.e.a.s. lögreglunnar, sjálfrar og eru því mjög alvarlegar. Áhrif krísanna á orðspor lögreglu er svo mjög mikil og eykst með hverri krísunni sem bætist ofan á þá fyrstu.

Vert er að nefna að lokum að hægt er að telja upp ótal fleiri dæmi um ofbeldi og óhóflegt vald sem lögreglan hefur beitt í mótmælunum í sumar. Einnig hafa fleiri svartir einstaklingar verið myrtir af lögreglunni á því tímabili sem mótmælin stóðu yfir og allt til dagsins í dag, þó þau hafi ekki endilega verið tengd mótmælunum (Ortiz, 2020). Það er því alveg ljóst að mikilla breytinga er þörf innan bandarísku lögreglunnar. Þær breytingar sem nú þegar hafa verið gerðar vegna mótmælanna eru vissulega mikilvægar og þarfar í baráttunni við hina kerfisbundnu kynþáttahyggju, en endastöðinni er langt frá því að vera náð ennþá.

IV: Að svara krísu

Þegar orðið krísa kemur upp í hugann er líklegt að margir, ef ekki flestir, tengi það við eitthvað sem er neikvætt. Krísur geta vissulega verið neikvæðar í eðli sínu eins og til dæmis slys og hamfarir. Þær geta svo einnig haft neikvæðar afleiðingar fyrir bæði hagaðila og skipulagsheildir, eins og þær krísur sem komu upp í #blacklivesmatter mótmælunum. Laurence Barton, leiðandi sérfræðingur í krísusamskiptum, segir í bók sinni *Crisis in Organizations II*, að krísur séu atvik eða atburður sem er óvæntur, neikvæður og yfirþyrmandi (2001). Lykilhugtökin hér eru „óvæntur“ og „yfirþyrmandi“, en þau gefa í skyn það mikla álag sem krísur búa til og þau áhrif sem þær hafa á skipulagsheildir og getu þeirra til að takast á við þá ógn sem af krísunum stafar. Krísur búa til mikið álag á skipulagsheildir, í lengri eða styttri tíma, og krefjast þess að við þeim sé brugðist skjótt og örugglega (Sverige og Krisberedskapsmyndigheten, 2004, bls. 6). Í mörgum tilfellum fylgja krísunum mikið áfall fyrir hagaðila og almenning, sérstaklega þegar um alvarlega krísu er að ræða, eins og þegar skaði verður á fólki. Í flestum þeim krísunum sem komu upp í #blm mótmælunum að meðtöldu morðinu á George Floyd má ætla að almenningur og hagaðilar hafi orðið fyrir áfalli. Með áfalli er hér átt við sterkar persónulegar tilfinningar sem einstaklingar finna fyrir, eins og ótta og öryggisleysi, að sjálfsmynd einstaklinga verði fyrir hnekkjum og að viðhorfum og gildum einstaklinga sé snúið á hvolf (Sverige og Krisberedskapsmyndigheten).

Til að minnka þann skaða og þá ógn sem af krísum stafar þarf að bregðast hratt við þeim. Krísur bera það með sér að þær krefjast ákvarðanatöku undir miklu álagi og óvissu (Sverige og Krisberedskapsmyndigheten, 2004, bls. 6). Ef rétt er brugðist við krísu eru afleiðingar hennar ekki endilega neikvæðar heldur geta ný tækifæri komið í ljós. Milton Friedman vill þannig meina að einungis krísur geti leitt til róttækra breytinga (2002). Krísustjórnun og krísusamskipti fjalla um það hvernig bregðast á við krísu með það að leiðarljósi að minnka neikvæðar og skaðlegar afleiðingar hennar, hvort sem er á orðspor, fjárhag eða hagaðila og almenning. Afleiðingar krísu felast nefnilega í viðbrögðum skipulagsheilda við henni og með réttum viðbrögðum getur það sem áður var ógn opnað nýja möguleika. Ef seint eða illa er brugðist við hinsvegar getur það haft alvarleg áhrif á almenning, hagaðila og skipulagsheildina sjálfa (Coombs, 2007a).

W. Timothy Coombs, sérfræðingur í samskiptum og almannatengslum, setti fram kenningu sem hann hefur kallað „Situational Crisis Communication Theory“ eða „SCCT“ og gæti útlagst á íslensku sem „aðstæðubundin krísusamskipta kenning“. Kenningin hefur það að markmiði að auðvelda skipulagsheildum að flokka krísur og bregðast við þeim á strategískan hátt. Fyrst eru krísurnar greindar eftir því hver ábyrgð skipulagsheildar er og hvaða áhrif hún hefur á orðspor skipulagsheildarinnar (Coombs, 2007b, bls. 166). Eins og áður hefur verið nefnt greinir Coombs krísur í þrjá flokka eftir ábyrgð; þolendakrísu (*e. victim crisis*), óvilja krísa (*e. accidental crisis*) og afstýranlega krísu (*e. preventable crisis*). Það hvar ábyrgð krísunnar liggur hefur áhrif á orðspor skipulagsheildar. Ef hagaðilar upplifa að skipulagsheild beri mikla ábyrgð á krísu geta afleiðingarnar þannig orðið neikvæðar fyrir orðspor hennar. Ef þeir upplifa hinsvegar að skipulagsheild beri litla eða enga ábyrgð á krísu, eins og til dæmis þegar um hamfarir er að ræða, hefur það lítil sem engin áhrif á orðspor skipulagsheildarinnar. Kenningin snýst svo um það hvernig skipulagsheildir svara eða bregðast við krísum, til að minnka áhrif þeirra á orðspor skipulagsheildarinnar, eða með öðrum orðum krísusamskipti skipulagsheilda (Coombs, 2007a).

Ein skilgreining krísusamskipta er sú að þau séu miðlun á upplýsingum, sem eiga sér stað á milli yfirvalda, fyrirtækja, fjölmiðla og áhugasamra einstaklinga eða hópa, fyrir, á meðan og eftir krísu (Sverige og Krisberedskapsmyndigheten, 2004, bls. 11). Önnur skilgreining segir að krísusamskipti felist í því að taka stjórn á atburðum, eða í það minnsta láta líta út fyrir að atburðir séu undir stjórn, til að vinna traust hagaðila og almennings. Mikilvægt er þó að hafa gott siðferði að leiðarljósi (Heath, 2001). Stuart Ewan vill svo meina að krísusamskipti séu kjarni almannatengsla og markmiðið með þeim sé að minnka skaða og

halda hagaðilum upplýstum (Ewen, 1996). Ef krísusamskipti skipulagsheilda eru góð og vel að þeim staðið getur ógn þeirra við orðspor skipulagsheildarinnar minnkað og orðsporið í einstaka tilfellum jafnvel orðið betra en það var fyrir krísu (Coombs, 2007a). Mikilvægt er að hafa hugfast að krísan eins og hún kemur fyrir sjónu hagaðila og almennings er hin raunverulega krísa. Krísusamskipti þurfa því að taka mið af áhyggjum þessa hóps, spurninga þeirra og vangaveltna, en ekki út frá sjónarhorni skipulagsheildarinnar (Sverige og Krisberedskapsmyndigheten, 2004, bls. 10). Einnig þarf að taka mið af alvarleika krísunnar, hvort áverkar hafi orðið á fólki eða dýrum, hvort dauðsföll eða eignatjón hafi orðið eða hvort orðið hafi umhverfisskaði. Krísusaga skipulagsheildarinnar skiptir einnig máli í þessu samhengi, það er að segja hvort hún hafi áður lent í svipaðri eða eins krísu. Þá þarf einnig að taka tillit til orðspors skipulagsheildarinnar fyrir krísu, til dæmis traust almennings til hennar (Coombs, 2007b, bls. 166). Ef krísusaga skipulagsheildar er ekki mikil og orðspor hennar er gott er auðveldara að koma í vega fyrir slæm áhrif krísu á orðsporið, eða jafnvel endurreisa það aftur, ef orðsporið hefur beðið hnekki. Á sama hátt getur það reynst skipulagsheildum erfitt að minnka þann skaða sem krísa hefur á orðsporið ef skipulagsheild hefur sögu um svipaðar krísur eða ef orðspor hennar er nú þegar neikvætt.

Eins og sjá má af #blacklivesmatter byltingunni eiga fjölmiðlar og nú einnig samfélagsmiðlar stóran þátt í því hvernig krísa kemur fyrir sjónir almennings. Fjölmiðlar hafa til dæmis valdið til að ákveða hvort þeir fjalli um krísu eða ekki sem getur skipt sköpum fyrir afleiðingar krísu á orðspor fyrirtækis (Sverige og Krisberedskapsmyndigheten, 2004, bls. 11). Sömuleiðis hafa samfélagsmiðlar mjög mikil áhrif á ímynd krísu og það getur verið erfitt fyrir skipulagsheild að ná stjórn á umræðu um krísuna ef hún ratar á samfélagsmiðla, sérstaklega ef orðsporið er ekki gott fyrir. Þess vegna skiptir undirbúningur sköpum fyrir skipulagsheildir, þegar upp koma krísur. Ef krísusvaranir eru illa undirbúnar eða skipulagsheild illa undirbúin fyrir krísu yfir höfuð geta orðið til krísur ofan á krísu og neikvæð áhrif á orðspor skipulagsheildar aukist (Coombs, 2007a).

W. Timothy Coombs greinir frá fjórum mismunandi fösum í krísusamskiptum. Í fyrsta lagi eru það fyrirbyggjandi aðgerðir (*e. prevention*) sem eru þau skref sem tekin eru til að forðast krísu áður en hún á sér stað. Fyrirbyggjandi aðgerðir vekja sjaldan athygli og ná í fæstum tilfellum til almennings eða fjölmiðla. Á eftir fyrirbyggjandi aðgerðum kemur svo undirbúningur (*e. preperation*) sem er sá fasi sem mestu máli skiptir þegar kemur að því að lágmarka skaða. Þetta er allur sá undirbúningur sem skipulagsheild fer í til að vera undirbúin undir krísu, eins og til dæmis að setja saman krísuteymi og búa til krísusamskiptaplan. Þriðji

fasinn eru krísusvaranirnar sjálfar, sem yfirleitt eru opinberar og fara fram að einhverju eða öllu leyti í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Hvernig krísu er svarað fer eftir aðstæðum. Síðasti fasinn er svo endurmat, en þá er farið yfir þau krísusamskipti sem átt hafa stað og þau metin. Breytingar eru svo gerðar eftir þörfum og ef þurfa þykir er krísusamskiptaplanið uppfært (Coombs, 2015, bls. 5-6).

Bæði Barton og Coombs fjalla um mikilvægi undirbúnings í krísusamskiptum. Barton fjallar þannig um mikilvægi þess að skipulagsheildir hafi sérstök krísustjórnunar teymi, sem skipuð eru fulltrúum almannatengla, lögmannna, öryggisgæslu, framkvæmdastjórnar, mannauðs og fjármála (2001). Coombs fjallar einnig um mikilvægi slíks teymis, en tekur þó fram að það hljóti að fara eftir krísum hvaða einstaklingar eigi heima í teyminu hverju sinni (Coombs, 2007a, bls. 2). Coombs fjallar einnig um svokallaðar bestu aðgerðir (*e. best practices*) í krísusamskiptum, sem flokkaðar eru eftir fösunum sem greint er frá hér að ofan. Ein þessara aðgerða er að hafa svokallað krísusamskiptaplan, sem Coombs mælir með að sé uppfært árlega. Í krísusamskiptaplani eru mögulegar krísur metnar og áhrif þeirra og afleiðingar greindar. Krísusvaranir eru svo undirbúnar í takt við tegund krísu. Í planinu eru sett fram lykilskilaboð fyrir hverja mögulega krísu, sem auðvelda því að svara krísu þegar hún kemur upp og gerir skipulagsheild kleift að svara hratt og örugglega fyrir hana (Coombs, 2007a, bls. 2). Slíkt plan getur skipt sköpum þegar kemur að undirbúningi og flýtt fyrir krísusvörunum skipulagsheildar.

Það skiptir líka máli hvernig krísum er svarað, en fyrsta og mikilvægasta atriðið í því samhengi er alltaf að kanna hvort öryggi almennings sé tryggt. Ef það er ekki gert getur það aukið neikvæð áhrif krísunnar og í verstu tilfellum valdið alvarlegum skaða (Coombs, 2007a). Í grófum dráttum er hægt að svara krísu á þrjá vegu; með því að neita henni og vera ósamvinnuþýð við hagaðila og fjölmiðla; með því að gefa út rangar og/eða ófullnægjandi upplýsingar og svo með því að viðhalda góðu, opnu og nánu sambandi við hagaðila. Coombs telur svo upp nokkur önnur atriði sem falla undir bestu aðgerðir í krísusvörunum og fara þá undir þriðja flokk krísusvaranna sem taldir eru upp hér að ofan. Í fyrsta lagi segir Coombs mikilvægt að vera snöggur til og geta svarað krísunni, helst á fyrsta klukkutímanum frá því að hún gerist. Í öðru lagi segir hann mikilvægt að vera nákvæmur og hafa allar staðreyndir málsins á hreinu áður en krísu er svarað. Sömuleiðis skiptir máli að upplýsa talsmann skipulagsheildarinnar reglulega um nýjar staðreyndir málsins og vera með lykilskilaboð á hreinu fyrir fjölmiðla. Einnig er mikilvægt að nota allar mögulegar boðleiðir, hvort sem um ræðir fjölmiðla, samfélagsmiðla, innri vefi skipulagsheildarinnar eða aðrar boðleiðir eftir því sem við á, þannig að skilaboðin komist örugglega til skila. Hafa ber líka í huga að skilaboðin

þurfa að vera þau sömu á öllum miðlum. Coombs segir það svo einnig mikilvægt að sýna samúð með hugsanlegum fórnarlömbum krísunnar eða hagaðilum og veita þeim áfallahjálp eða aðra slíka aðstoð eftir þörfum (Coombs, 2007a, bls. 6).

Eins og kemur fram hér að ofan geta illa undirbúna krísusvaranir búið til krísu ofan á krísu. Ef að ósamræmi er í krísusvörunum eða þær gefa ekki nákvæmar upplýsingar um krísuna er hætta á að hagaðilar upplifi skipulagsheildina ótraustverða (Coombs, 2007a, bls. 5). Þegar skipulagsheild missir traust hagaðila getur farið illa, eins og greinilega má sjá þegar lítið er til #blacklivesmatter mótmælanna. Þannig bjuggu lögregla og yfirvöld í Bandaríkjunum í raun til krísu ofan á krísu, með krísusamskiptum sínum í gegnum mótmælin. Ljóst er einnig að lögreglan missti töluvert traust almennings og hefur gert í gegnum tíðina með aðgerðum sínum.

Ef lítið er til krísusvaranna með orðspor skipulagsheildar að leiðarljósi er hægt að flokka þær á þrenna vegu; neitun (*e. deny*), minnka skaða (*e. deiminish*), endurreisa (*e. rebuild*). Neitun felur í sér að ráðast á þann sem heldur því fram að eitthvað sé að innan skipulagsheildarinnar (*e. attack the accuser*), að afneita krísunni (*e. denial*), að finna einhvern til að kenna um krísuna (*e. scapegoat*) eða að hundska (*e. ignore*) krísuna og láta eins og hún sé ekki til. Að minnka skaðann sem krísa hefur á orðspor skipulagsheildar felur í sér að réttlæta (*e. justify*) þær ákvarðanir og gjörðir sem komu af stað krísunni, að gera lítið úr (*e. minimize*) þeim ásetningi sem lá að baki krísunni eða að skilja sig frá (*e. seperation*) þeim sem ber ábyrgð á krísunni. Endurreisn orðspors felur svo í sér að hrósa eða koma sér í mjúkinn (*e. ingratiation*) hjá hagaðilum, að bjóða bætur (*e. compensation*) eins og áfallahjálp eða fjárhagslegar bætur, sýna eftirsjá (*e. regret*) og harma krísuna og svo að taka ábyrgð (*e. take responsibility*) á krísunni og biðja afsökunar og sýna vilja til að laga og bæta upp fyrir krísuna (Coombs, 2007a, bls. 7). Hafa skal í huga að að flokkunin er röðuð frá krísusvörunum sem hafa fórnarlamb krísunnar, eða hagaðilana, minnst í huga, þ.e.a.s. neitun, til þeirra sem taka mest mið af fórnarlömbum krísunnar, eða endurreisn.

Krísusamskipti lögreglu og yfirvalda í Bandaríkjunum í gegnum #blacklivesmatter eru ekki í takt við bestu aðgerðir krísusamskipta. Lögreglunni tókst að búa til ótal krísur ofan á krísuna sem varð til þegar nokkrir hvítir lögreglumenn frá Minneappolis myrtu George Floyd, nánast í beinni útsendingu. Það er nokkuð augljóst þegar umfjöllun fjölmiðla er skoðuð að lögreglu yfirvöld í Bandaríkjunum eru afar illa undirbúin fyrir krísur sem þessar – jafnvel þó svo að reglulega séu svartir borgarar drepnir af hvítum lögreglumönnum og þær því ekki nýjar af nálinni. Ein af ástæðum þess er líklega sú, eins og kom fram í fyrsta kafla,

að kynþáttahyggjan er afar kerfisbundin og hefur skotið djúpar rætur í réttarkerfinu og samfélaginu öllu. Lögreglumenn eru vel verndaðir gegn því að vera dregnir til saka fyrir þá glæpi sem þeir fremja í starfi og snúa iðulega fljótt aftur til starfa, þrátt fyrir að hafa verið sagt upp (Levin, 2020). Ef við göngum út frá því að lögreglan sé ekki annað en leyfar af aðferðum hvíttra efri stétta til að tryggja sér eignarhald þræla og að enn þann dag í dag sé markmið þeirra meðvitað eða ómeðvitað að viðhalda valdastöðu hvíta kynstofnsins, er samt hægt að færa rök fyrir því að krísusamskipti þeirra séu þeim sjálfum í óhag og geri lítið annað en að skaða orðspor þeirra (E. Taylor o.fl., 2019, bls. 214). Frásagnir mótmælanda, að nafni Kelsey Drake, sem var á mótmælum í Austin, Texas í maí bera vitni um þetta. Þá segist hún ekki treysta bandarísku lögreglunni, sérstaklega í suðrinu, vegna þess að kerfisbundin kynþáttahyggja sé svo rótgróin í reglur þeirra og þjálfun (K. Drake, munnleg heimild, 12. nóvember 2019). Kelsey segir jafnframt að hún upplifi að lögreglan hafi ekki tekið ábyrgð á morðinu á George Floyd og að hún hafi upplifað lögregluna í mikilli vörn, næstum eins og lögreglan væri í stríði við almenning. Þá tekur hún fram, eins og aðrir mótmælendur sem rætt var við, að hún hafi séð mikla aukningu á lögregluliði á götum úti frá morðinu.

Orðspor bandarísku lögreglunnar beið þannig töluverða hnekki í kjölfar morðsins á George Floyd. Eins og sjá má af hugmyndum og kenningum Coombs hér að ofan er ýmislegt sem lögreglan hefði getað gert betur varðandi krísusamskipti sín, jafnvel þó svo að markmiðið væri einungis að verja orðspor sitt, með eiginn hag að leiðarljósi.

Coombs mælir með að skipulagsheildir setji upp krísusamskiptaplan til að styðjast við þegar krísur koma upp. Slík samskiptaplön eru ekki hugsuð sem leiðbeiningaskjal sem fylgja þarf frá A-Ö, heldur einungis til stuðnings og til að spara tíma (Coombs, 2007a, bls. 2). Í krísusamskiptaplani eru yfirleitt tekin dæmi af krísum sem gæti komið upp, svokölluð sviðsmyndagreining. Þá eru þær krísur sem teknar eru fyrir greindar og metið hvar ábyrgðin liggur. Í krísusamskiptaplönunum eru teknar fyrir nokkrar slíkar sviðsmyndir og fer fjöldi nokkuð eftir starfsemi viðkomandi skipulagsheildar. Þar á eftir eru búin til lykilskilaboð og svaranir, sem æskilegt væri að nota. Einnig er greint frá helstu hagaðilum, hver talsmaður skipulagsheildarinnar er og hvaða boðleiðir skal fara til upplýsingamiðlunar (Coombs, 2007a).

Krísusamskiptaplan hefði að öllum líkindum komið sér vel fyrir lögregluþyrifvöld í Bandaríkjunum hvað viðkemur viðbrögðum þeirra við #blacklivesmatter mótmælunum. Mögulega hefði slíkt samskiptaplan gert það að verkum að afleiðingar og áhrif krísanna hefðu orðið minni og orðspor lögreglu betra. Til að draga upp mynd af því hvernig

krísusamskiptaplan lögreglunnar gæti hafa litið út væri hægt að nota þær krísur sem taldar eru upp í kaflanum hér að ofan sem sviðsmyndir. Sviðsmyndir hafa það hlutverk að gera grein fyrir mögulegum krísum, eins og þær kynnu að koma upp og undirbúa svananir við þeim í kjölfarið.

Þannig myndum við ganga út frá því að fyrsta sviðsmyndin í krísusamskiptaplani bandarísku lögreglunnar væri sú að maður, dökkur á hörund, væri myrtur í handtöku með ólöglegu hálstaki. Þegar sviðsmynd hefur verið skilgreind þarf næst að gera grein fyrir ástæðu þess að krísa kom upp. Ástæða krísunnar væri í þessu tilfelli kynþáttafordómar og staðalímyndir sem lögreglumaðurinn yfirfærir á viðfang sitt (*e. racial profiling*). Engin önnur sjáanleg ástæða var fyrir krísunni og umræddur lögreglumaður virtist fylgja eigin geðþótta. Virtist hann þá ekki bregðast við aðstæðum eins og þær raunverulega eru, ef marka má myndbandsupptökur (D.B. Taylor, 2020). Krísan hefur þær afleiðingar að aðstandendur mannsins verða fyrir áfalli, mikil reiði gýs upp innan samfélags svartra Bandaríkjamanna og breiðist út til annarra hópa. Vantraust minnihluta hópa til lögreglu eykst og orðspor hennar versnar. Mótmæli brjótast út, fyrst í Minneappolis og síðar í öllum stærri borgum Bandaríkjanna og víðar, bæði í minni bæjum landsins sem og öðrum löndum. Mótmælt var daglega og fleiri þúsundir manna komu saman og það í miðjum heimsfaraldri (Rennwick, 2020). Víða fylgdu óeirðir og skemmdarverk mótmælunum, þó ekki endilega af hálfu mótmælendanna sjálfra eins og áður hefur verið lýst.

Þegar búið er að leggja mat á ástæðu þess að krísan kom upp þarf að gera grein fyrir tegund krísunnar, sem í þessu tilfelli er, eins og áður, hefur verið rætt er afstýranleg krísa. Umræddur lögreglumaður hefur þann ásetning að skaða og sýna vald. Aðrir lögreglumenn grípa ekki inn í atburðarrásina, þó þeir væru vel að því komnir. Hér þarf þó að taka fram að einhverjir gætu viljað meina að um þolandakrísu væri að ræða fyrir lögregluna sem skipulagsheild, þar sem um einstaka starfsmenn er að ræða en ekki alla lögreglumenn. Hægt er að hrekja þau rök því lögreglunni ber að tryggja öryggi almennings og þar af leiðandi er það á ábyrgð lögreglu að tryggja að einstaka lögreglumenn fái rétta þjálfun, þekki reglurnar og fari eftir þeim. Lögregludeildir bera ábyrgð á einstaka starfsmönnum og að fylgjast með framferði þeirra og siðabrotum. Lögreglumaðurinn, Derek Chauvin, hefur ítrekið hlotið kvartanir vegna framferðis í starfi sínu og því hefði auðveldlega verið hægt að koma í veg fyrir þessa krísu (George Floyd: What we know about the officers charged over his death, 2020). Þegar tegund krísu hefur verið greind er hægt að meta ábyrgð skipulagsheildarinnar, sem í þessu tilfelli er mjög mikil.

Þá er komið að því að gera grein fyrir lykilskilaboðum og svörunum við krísunni. Hægt er að fara þrjár leiðir í að svara krísunni: neitun, minnkun á þeim skaða sem krísan hefur valdið eða endurreisn eins og áður hefur verið nefnt (Coombs, 2007b). Hér verður valið að velja leið endurreisnar, en það er gert vegna þess að fyrir almenningi og sérstaklega svarta samfélaginu er ekkert sem afsakar morð á óvopnuðum, saklausum svörtum manni. Þetta væri því besta leiðin til að byggja upp ímynd og orðspor lögreglunnar.

Krísusvaranir eru ekki einungis yfirlýsingar heldur snúast þær um hvað skipulagsheild gerir til að bregðast við krísunni (Sverige og Krisberedskapsmyndigheten, 2004). Í þessu tilfalli er mikilvægt fyrir orðspor lögreglu og hag almennings að taka fulla ábyrgð á krísunni. Besta leiðin til að sýna ábyrgð í verki væri að handtaka og reka lögreglumennina sem um ræðir úr starfi. Auk þess væri mögulega hagstæðast að kalla til óháðan aðila til rannsóknar á málinu, sem raunar var gert og FBI kallað út til að rannsaka morðið á George Floyd (D.B. Taylor, 2020). Svara þarf fyrir krísuna í fjölmiðlum og gefa reglulegar upplýsingar til hagaðila. Fyrstu skilaboðin þurfa helst að koma á innan við klukkustund frá því að krísan gerist. Hin fyrstu skilaboð til fjölmiðla gætu hljóðað á þessa leið:

„Lögreglan í Minneapolis harmar þá atburði sem upp hafa komið og mun tryggja ígrundaða rannsókn á málinu. Óháðir aðilar munu sjá um rannsóknina. Um leið votta lögregluþyriföld aðstandendum George Floyds sína dýpstu samúð.“

Í kjölfarið þyrftu þó að koma fleiri skilaboð og upplýsingagjöf um rannsókn málsins þyrfti að vera ítarleg. Næstu skilaboð á eftir þeim fyrstu gætu hljómað einhvernvegin svona:

„Rannsókn á málinu er nú langt komin og hefur hún leitt til þess að umræddir lögreglumenn hafa verið handteknir. Þeim hefur einnig verið vísað úr starfi. Við hörmum að slíkur atburður hafi getað komið upp og munum gera það sem í okkar valdi stendur til að slíkt komi ekki fyrir aftur.“

Mikilvægt er að halda hagaðilunum vel upplýstum um gang mála og því mikilvægt að upplýsingar um málið og rannsóknina séu sendar út daglega, jafnvel oft á dag ef við þurfa þykir. Þá þarf að tryggja að allar boðleiðir séu notaðar til að ná sem flestra þeirra er málið varðar.

Hagaðilar lögreglunnar eru margir og mikilvægt að greina þá til að auðvelda miðlun upplýsinga. Hagaðilum er skipt upp í innri hagaðila og ytri. Innri hagaðilar eru allir þeir sem starfa innan skipulagsheildarinnar, til dæmis aðrir lögregluþjónar, lögreglustjórar og aðrir starfsmenn lögreglustöðva og lögregluþyrifvalda. Ytri hagaðilar væru þá m.a. aðstandendur George Floyds, vitni að morðinu, svart fólk í Bandaríkjunum, almenningur, lögmenn,

dómarar, yfirvöld í Minneapolis, yfirvöld í Bandaríkjunum, bandalög lögreglumanna og mannréttindasamtök.

Þar á eftir er komið að því að velja talsmann skipulagsheildarinnar út á við. Það er mikilvægt að hafa einn talsmann sem er einskonar andlit út á við og talar við fjölmiðla. Mikilvægt er að þessi manneskja komi vel fyrir, sé sjálfsörugg og hafi reynslu af samskiptum við fjölmiðla (Coombs, 2007a, bls. 2). Í þessari sviðsmynd gæti t.d. yfirlögreglustjóri Minneapolis fengið þetta hlutverk. Síðan er komið að krísuteyminu en Barton (2001) hefur skilgreint krísuteymi og hvaða einstaklingar skuli eiga sæti í slíku teymi. Með tilliti til hugmynda Coombs um að slík teymi séu háð um hvernig krísu sé að ræða er hér sett fram krísuteymi skipað af fulltrúa lögreglu, lögmanni, fulltrúa frá borgaryfirvöldum auk fulltrúa frá íbúum Minnesota (Coombs, 2007a).

Síðan þarf að skilgreina hvaða strategíu og taktík á að nota í krísusamskiptunum. Það er að segja hvað á að gera og hvernig á að framkvæma það. Þannig gæti strategía lögreglu yfirvalda til dæmis verið sú að taka fulla ábyrgð á krísunni og sýna iðrun. Þá yrðu lögreglumennirnir sem komu að handtökunni reknir og þeir handteknir og dregnir til saka. Iðrun yrði sýnd með því að biðja fjölskyldu og vini George Floyds persónulega afsökunar, sem og svarta samfélagið og almenningur allur. Taktíkin myndi svo útlista nánar hvað yrði gert og hvenær. Hún gæti til dæmis sagt að fréttatilkynning yrði send út samdægurs til allra helstu fjölmiðla Bandaríkjanna, hvenær og hvar færslur yrðu birtar á samfélagsmiðlum, hvenær og hvar yrðu haldnir fjölmiðlafundir og svo framvegis. Í kjölfarið þarf svo að skilgreina hvaða boðleiðir á að fara. Þá þarf að greina frá öllum þeim fjölmiðlum sem tala á við, öllum eigin miðlum skipulagsheildarinnar; til dæmis vefsíðu, fréttabréfa og fjölmiðlafunda til dæmis; samfélagsmiðlum og öðrum boðleiðum ef við á. Stundum er mælt með því að skipulagsheildir haldi úti sérstakri vefsíðu með upplýsingum um krísuna og þarf þá að búa hana til áður en krísan skellur á, þetta er oft talið með bestu aðgerðum í krísusamskiptum (Coombs, 2007a, bls. 3). Það skiptir máli að skilaboðin séu hin sömu á öllum miðlum, þó notast megi við mismunandi tón eftir eðli hvers miðils.

Í krísusamskiptaplani hefðu fleiri sviðsmyndir verið greindar og ágætt er að leggja upp með nokkrar mismunandi sviðsmyndir í slíku plani og reyna að sjá fyrir sem flestar mögulegar krísur. Þannig getur skipulagsheild verið betur undirbúin undir ólíkar krísur og minnkað líkur á orðspors skaða svo dæmi séu tekin. Mikilvægt er að greina ólíkar sviðsmyndir og undirbúa lykilskilaboð eða -svaranir við þeim, en skilaboðin geta verið mjög ólík eftir eðli sviðsmyndar. Einnig þarf að gera grein fyrir ástæðu, afleiðingum, ábyrgð og hagaðilum því

Þessir þættir eru einnig breytilegir eftir krísu. Ef vel er staðið að krísusamskiptaplaninu ætti skipulagsheild að vera vel undirbúin og eiga auðveldara með að takast á við krísu þegar hana ber að höndum. Með plani sem þessu hefði lögreglan í Bandaríkjunum verið betur í stakk búin til að takast á við það mótlæti sem hún stóð frami fyrir í #blacklivesmatter byltingunni. Slíkt plan hefði gert lögregluþyrifvöldum og einstaka lögreglumönnum auðveldara fyrir að bregðast skipulega og friðsamlega við mótmælunum. Ekki er líklegt að slíkt plan hefði komið í veg fyrir mótmælin sjálf en líklegt þykir að krísusamskiptaplan og skipuleg eftirfylgni hefði minnkað þann mikla orðsporskaða sem lögreglan varð fyrir. Einnig má ætla að slík áhersla á undirbúning hefði komið í veg fyrir hluta af því tjóni sem almenningur varð fyrir.

Lokaorð

Krísusamskipti skipta sköpum fyrir skipulagsheildir. Sérstaklega þegar skipulagsheildir hafa áhrif á líf og dauða fólks. Lögreglan er ein af þeim fáu skipulagsheildum sem starfa og hafa slík völd í dag. Þar af leiðandi felur starf lögreglunnar í sér að krísur munu ítrekað koma upp. Mistök geta komið fyrir alla og ekki síst á svo viðkvæmum starfsvettvangi. Þegar mistök koma aftur á móti ítrekað upp og krísusaga verður jafn löng og raun ber vitni hjá bandarísku lögreglunni er ljóst að vandamálið liggur djúpt. Sömu krísur koma upp aftur og aftur og lítið virðist vera gert til að koma í veg fyrir þær eða bregðast við þeim þegar þær koma upp. Fátt virðist einnig vera um endurskoðun verkferla eftir krísur og ábyrgð sjaldan tekin.

Lögreglumenn sem hafa gerst sekir um alvarleg brot í starfi fara í skammarkrókinn í litla stund og fá svo að koma aftur til starfa. Lög og reglugerðir vernda þá sem brjóta af sér og hvetja aðra til að sækja um starf í lögreglunni, vitandi af þeirri vernd sem þeir hljóta.

Að setja áherslu á krísusamskipti gæti aðstoðað lögreglu við að bæta orðspor sitt gagnvart almenningi og skapa meira traust. Krísusamskiptaplön eins og hér að ofan þurfa hvorki að vera flókin né fræðileg, heldur eru þau einungis hugsuð til að gera skipulagsheildum auðveldara fyrir að svara og bregðast við krísum. Jafnvel í tilfellum eins og hjá bandarísku lögreglunni, sem er þekkt fyrir harðræði og kynþáttahatur, getur einfalt krísusamskiptaplan komið sér vel fyrir orðspor lögreglunnar. Að innleiða slíkt plan í verkferla lögreglunnar gæti mögulega orðið til þess að aðeins færri ofbeldisverk yrðu framin sem væri þá einnig jákvætt fyrir almenning. Ljóst er þó að þetta væri möguleiki einungis ef full ábyrgð væri tekin í öllum aðstæðum sem um afstýranlega krísu er að ræða. Fyrir skipulagsheild með jafn slæmt orðspor og bandaríska lögreglan hefur mun endurreisn þess reynast afar erfið. Full ábyrgð þarf að vera tekin á öllum krísum og jafnvel þarf hún að taka meiri ábyrgð en hún raunverulega á til að vinna til baka þann skaða sem orðsporið hefur orðið

fyrir vegna síendurtekinnna krísa. Í öllum krísusvörunum þarf lögreglan að taka mið af öryggi almennings fyrst og fremst, fremur en eigin orðspori. Eina leið lögreglunnar til að laga orðspor sitt er að hafa hag borgaranna alltaf fyrir brjósti, í öllum aðstæðum.

Það mun þó aldrei vera nóg að innleiða bestu aðgerðir í krísusamskiptum. Vandamálið er mun dýpra og vantraust til lögreglunnar í Bandaríkjunum hefur líklega aldrei verið jafn mikið og nú. Það þarf mun róttækari breytingar á öllu skipulagi í kringum lögreglu sem og lagabreytingar til þess að leysa vandamálið. Þannig þarf að afnema ýmsar reglugerðir eins og lög um hæft friðhelgi svo fátt eitt sé nefnt. Það þarf að tryggja utanaðkomandi og óháða rannsókn allra mála sem snúa að brotum lögreglumanna í starfi. Einnig þarf að lengja þjálfun lögreglumanna, bæta hana og setja mun strangari lög um notkun valds og vopnaburðar. Jafnvel þó að þetta yrði allt saman gert þarf meira til að losna við hugmyndir hvíttra einstaklinga um yfirburði kynstofnar síns. Uppræting kerfisbundinnar kynþáttahyggju mun taka því taka fleiri ár, svo djúpt ná rætur hennar.

#blacklivesmatter byltingin var og er ákall almennings til róttækra breytinga og endurskipulagningu á löggæslu. Það er fullkomlega ljóst að þeirra er þörf, þegar horft er til viðbragða lögreglunnar við mótmælunum og annarra aðgerða hennar. Vanhæfni stjórnvalda til að taka á málunum er mikil. Þegar almenningur mótmælti valdbeitingu lögreglu var almenningi mætt með enn meiri valdbeitingu. Lýðræðið er í húfi. Byltingin er og var nauðsynleg og mun vonandi vera upphaf þeirra breytinga sem svo nauðsynlegar eru. Áfallasaga svartar samfélagsins þarf að taka enda.

Heimildaskrá

A timeline of the George Floyd and anti-police brutality protests. (2020, 11. júní). *Al Jazeera*.

Sótt af

<https://www.aljazeera.com/news/2020/6/11/a-timeline-of-the-george-floyd-and-anti-police-brutality-protests>

About. (e.d.). *Black Lives Matter*. Sótt 5. október 2020 af <http://blacklivesmatter.com/about>

Abraham, Y. (2020, 3. júní). When a police officer takes a knee, what does it really mean?

The Boston Globe. Sótt af <http://www.bostonglobe.com/2020/06/03/metro/solidarity-or-crowd-control/>

Ali, A.H. og Clark, E. (2019, 20. júní). *Qualified immunity: Explained*. The Appeal.

<https://theappeal.org/qualified-immunity-explained/>

Alvarez, L. og Buckley, C. (2013, 13. júlí). Zimmerman is acquitted in Trayvon Martin

killing. *The New York Times*. Sótt af

<https://www.nytimes.com/2013/07/14/us/george-zimmerman-verdict-trayvon-martin.html>

USA: The world is watching. Mass violations by U.S. police

of Black Lives Matter protesters' rights. *Amnesty International*. (2020).

Sótt af

<https://www.amnesty.org/download/Documents/AMR5128072020ENGLISH.PDF>

Anderson, J.F. (2015). From Fugitives to Ferguson: Repairing Historical and Structural

Defects in Legally Sanctioned Use of Deadly Force. *Journal of Law and Policy*, 49(63), 63-85.

-
- Barton, L. (2001). *Crisis in Organizations II*. Cincinnati, Ohio: South-Western College Pub.
- Beckett, L. (2020, 31. október). At least 25 Americans were killed during protests and political unrest in 2020. *The Guardian*. Sótt af <https://www.theguardian.com/world/2020/oct/31/americans-killed-protests-political-unrest-acled>
- Berman, M. og Wax-Thibodeaux, E. (2020, 4. júní). Police keep using force against peaceful protesters, prompting sustained criticism about tactics and training. *The Washington Post*. Sótt af https://www.washingtonpost.com/national/police-keep-using-force-against-peaceful-protesters-prompting-sustained-criticism-about-tactics-and-training/2020/06/03/5d2f51d4-a5cf-11ea-bb20-ebf0921f3bbd_story.html
- Black Lives Matter: Where does „taking a knee“ come from? (2020, 18. júní). *BBC*. Sótt af <https://www.bbc.com/news/explainers-53098516>
- Botelho, G. (2012, 23. maí). What happened the night Trayvon Martin died. *CNN*. Sótt af <https://edition.cnn.com/2012/05/18/justice/florida-teen-shooting-details/index.html>
- Buchanan, L., Bui, Q. og Patel, J.K. (2020, 3. júlí). Black Lives Matter may be the largest movement in U.S. History. *The New York Times*. Sótt af <https://www.nytimes.com/interactive/2020/07/03/us/george-floyd-protests-crowd-size.html>
- Chen, S. (2020, 6. júní). Some protesters take issue with police kneeling, calling it „PR stunt“. *ABC News*. Sótt af <https://abcnews.go.com/US/protesters-issue-police-kneeling-calling-pr-stunt/story?id=71067237>
- Coombs, W.T. (2007a, 30. október). *Crisis management and communications*. Institute for Public Relations. Sótt af <https://instituteforpr.org/crisis-management-and-communications/>
- Coombs, W.T. (2007b). Protecting organization reputations during a crisis: The development

-
- and application of situational crisis communication theory. *Corporate Reputation Review*, 10(3), 163-176. <https://doi.org/10.1057/palgrave.crr.1550049>
- Coombs, W.T. (2015). *Ongoing crisis communication: Planning, managing and responding* (4th edition). Thousand Oaks, California: SAGE.
- Crump, B. (2020, 27. maí). Another unarmed black person has been killed. It's no wonder we can't breathe. *The Washington Post*. Sótt af https://www.washingtonpost.com/opinions/another-unarmed-black-person-has-been-killed-its-no-wonder-we-cant-breathe/2020/05/27/38c73b26-a05d-11ea-b5c9-570a91917d8d_story.html
- Dewan, S. og Baker, M. (2020, 2. júní). Facing protests over use of force, police respond with more force. *The New York Times*. Sótt af <https://www.nytimes.com/2020/05/31/us/police-tactics-floyd-protests.html>
- Duffin, E. (2020, 17. september). *Poverty rate in the United States in 2019, by ethnic group*. Statista [tölfræði vefsíða]. <https://www.statista.com/statistics/200476/us-poverty-rate-by-ethnic-group>
- Trayvon Martin Shooting Fast Facts. (2020, 19. október). *CNN*. Sótt af <https://edition.cnn.com/2013/06/05/us/trayvon-martin-shooting-fast-facts/index.html>
- Edwards, F., Lee, H. og Esposito, M. (2019). Risk of being killed by police use of force in the United States by age, race-ethnicity, and sex. *Proceedings of the National Academy of Sciences*, 116(34), 16793-16798. <https://doi.org/10.1073/pnas.1821204116>
- Ewen, S. (1996). *PR! A social history of spin* (1st edition). New York: Basic Books.
- Fernandez, M. og D.S. Burch, A. (2020, 29. júlí). George Floyd, from „I want to touch the world“ to „I can't breathe“. *The New York Times*. Sótt af <https://www.nytimes.com/article/george-floyd-who-is.html>

-
- Ferré-Sadurní, L., og McKinley, J. (2020, 12. júní). N.Y. bans chokeholds and approves other measures to restrict police. *The New York Times*. Sótt af <https://www.nytimes.com/2020/06/12/nyregion/50a-repeal-police-floyd.html>
- Four Minnesota police officers fired after death of unarmed black man. (2020, 27. maí). *BBC*. Sótt af <https://www.bbc.com/news/world-us-canada-52806572>
- Friedman, M. og Friedman, R.D. (2002). *Capitalism and freedom*. Chicago: University of Chicago Press.
- Fueng, K. (2020, 6. september). These are the cities and states that have banned police chokeholds so far in the wake of protests. *Newsweek*. Sótt af <https://www.newsweek.com/these-are-cities-states-that-have-banned-police-chokeholds-so-far-wake-protests-1509659>
- Gay, R. (2020, 5. júní). I need cops and politicians and white people more broadly to stop kneeling [skrif á Twitter]. Sótt af <https://twitter.com/rgay/status/1269035031860662272>
- George Floyd: What we know about the officers charged over his death. (2020, 8. júní). *BBC*. Sótt af <https://www.bbc.com/news/world-us-canada-52969205>
- Gandnoosh, N. (2014). *Race and punishment: Racial perceptions of crime and support for punitive policies*. Sótt af <https://www.sentencingproject.org/publications/race-and-punishment-racial-perceptions-of-crime-and-support-for-punitive-policies>
- Griffith, J. (2020, 12. júní). NYPD lieutenant apologizes to colleagues for kneeling during George Floyd protest. *NBC News*. Sótt af <https://www.nbcnews.com/news/us-news/nypd-lieutenant-apologizes-colleagues-kneeling-during-george-floyd-protest-n1230531>

-
- Hartocollis, A. og Alcindor, Y. (2017, 31. janúar). Women's March highlights as huge crowds protest Trump: „We are not going away“. *The New York Times*. Sótt af <https://www.nytimes.com/2017/01/21/us/womens-march.html>
- Hauck, G. og Wagner D. (2020, 29. maí). George Floyd death: Expert say knee-to-neck restraint is dangerous, but Minneapolis allows it. *USA Today*. Sótt af <https://eu.usatoday.com/story/news/nation/2020/05/29/george-floyd-experts-say-neck-restraint-allowed-minneapolis-can-kill/5274334002>
- Heath, R.L. (2001). A rhetorical enactment rationale for public relations: The good organization communicating well. *Handbook of Public Relations* (bls. 31-50). Thousand Oaks, California: SAGE. <https://doi.org/10.4135/9781452220727.n2>
- Hennesy-Fiske, M. (2020, 31.maí). Minnesota State Patrol just fired tear gas at reporters and photographers at point blank range [Skrif á Twitter]. Sótt af https://twitter.com/mollyhf/status/1266911382613692422?ref_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1266951014915149827%7Ctwgr%5Eshare_3&ref_url=https%3A%2F%2Fwww.aljazeera.com%2Fnews%2F2020%2F6%2F11%2Fa-timeline-of-the-george-floyd-and-anti-police-brutality-protests
- Hill, E., Tiefenthååler, A., Triebert, C., Jordan, D., Willis, H. og Stein, R. (2020, 31. maí) How George Floyd was killed in police custody. *The New York Times*. Sótt af <https://www.nytimes.com/2020/05/31/us/george-floyd-investigation.html>
- Hilton, J.L. og Hippel, W.von. (e.d.). Stereotypes. *Annual Reviews Psychology, 1996*(47), 237-271.
- Johnson, E. (e.d.). 100 photos to remind you that protests have roiled Portland for 100 days. *USA Today*. Sótt af <https://eu.usatoday.com/story/news/nation/2020/09/05/portland-protests-black-lives-matter-photos-100-days/5715772002>

-
- Joseph, E. (2020, 22. september). Family of Louisville shooting victim David McAtee sues police officers and National Guard members. *CNN*. Sótt af <https://edition.cnn.com/2020/09/21/us/david-mcatee-louisville-lawsuit/index.html>
- Kaba, M. (2020, 12. júní) Yes, we mean literally abolish the police. *The New York Times*. Sótt af <https://www.nytimes.com/2020/06/12/opinion/sunday/floyd-abolish-defund-police.html>
- Karimi, F. (2020, 29. maí). Minneapolis police release 911 call that led to encounter with George Floyd. *CNN*. Sótt af <https://edition.cnn.com/2020/05/28/us/minneapolis-george-floyd-911-calls/index.html>
- Levin, S. (2020, 28. maí). Why the officers fired for the George Floyd killing could ultimately get their jobs back. *The Guardian*. Sótt af <https://www.theguardian.com/us-news/2020/may/28/us-police-officers-fired-rehired-why>
- Lynching in America: Confronting the legacy of racial terror (tbl. 3). (e.d.). *Equal Justice Initiative*. Sótt 10. desember 2020 af <https://lynchinginamerica.eji.org/report>
- Marger, M.N. (2012). *Race and ethnic relations: American and global perspectives*. Belmont, California: Wadsworth Cengage Learning.
- May 30 coverage of nationwide unrest and ongoing protests. (2020, 31. maí). *NBC News*. Sótt af <https://www.nbcnews.com/news/us-news/live-blog/george-floyd-death-nationwide-protests-live-updates-n1219376/ncrd1219591#blogHeader>
- Mazzei, P. (2020, 4. júní). A popular Louisville restaurant owner was killed by the police. What happened? *The New York Times*. Sótt af <https://www.nytimes.com/2020/06/04/us/louisville-unrest-david-mcatee.html>
- McVeigh, K. (2012, 30. mars). Trayvon Martin's death: The story so far. *The Guardian*. Sótt af <https://www.theguardian.com/world/2012/mar/20/trayvon-martin-death-story-so-far>

Officer who knelt on George Floyd's neck arrested on murder charge. (2020, 29. maí). *LA Times*. Sótt af *Times*. <https://www.latimes.com/world-nation/story/2020-05-29/minnesota-george-floyd-officer-arrested>

Orrenstein, W. (2020, 15. júní). How common is it for Minnesota police departments to authorize chokeholds, „neck restraints?“. *MinnPost*. Sótt af <https://www.minnpost.com/greater-minnesota/2020/06/how-common-is-it-for-minnesota-police-departments-to-authorize-chokeholds-neck-restraints>

Ortiz, A. (2020, 10. september). What we know about the death of Rayshard Brooks. *The New York Times*. Sótt af <https://www.nytimes.com/article/rayshard-brooks-what-we-know.html>

Philadelphia shooting of black man sparks unrest. (2020, 27. október). *Aljazeera*. Sótt af <https://www.aljazeera.com/news/2020/10/27/philadelphia-police-shooting-of-black-man-sparks-unrest>

Re, G. (2020, 7. júní). Minneapolis mayor Jacob Frey rejects city council's push to defund police, despite veto-proof majority. *Fox News*. Sótt af <https://www.foxnews.com/politics/minneapolis-mayor-jacob-frey-rejects-city-council-push-to-defund-police>

Rennwick, D. (2020, 4. júní). Is it safe to protest during a pandemic? Experts answer our questions. *The Guardian*. Sótt af <https://www.theguardian.com/world/2020/jun/04/is-it-safe-to-protest-during-a-pandemic-experts-answer-our-questions>

Revolution. (2020). Encyclopædia Britannica. Sótt af <https://www.britannica.com/topic/revolution-politics>

Rosenthal, L. og Lobel, M. (2016). Stereotypes of black American women related to sexuality and motherhood. *Psychology of Women Quarterly*, 40(3), 414-427. <https://doi.org/10.1177/0361684315627459>

-
- Russo, C.H. (2020, 10. júní). A racial trauma therapist breaks down the Black Lives Matter protests. *Huffpost*. Sótt af https://www.huffpost.com/entry/racial-trauma-therapist-whats-happening_1_5edfc1b9c5b6e1150820743c?guccounter=1&guce_referrer=aHR0cHM6Ly93d3cuZ29vZ2xlLmNvbS8&guce_referrer_sig=AQAAALRuL1fAzc1Abvrl0vf6x FVB_Zl0j9p9n1Dr7qVerAqvqWboZsY6Dv9GOp60Czs4b_xtv5lW5xz4snrPhX7iOu6U5eHiJ6FoVBWGoHkZemF_MUXjcNlatAwpWgnIMTwAjUts16G9SpXQijzANdrHzGZNH4LkQuPK53eZ4ZJ2bnHa
- Searcy, D. og Eligon, J. (2020, 7. júní). Minneapolis will dismantle its police force, council member pledge. *The New York Times*. Sótt af <https://www.nytimes.com/2020/06/07/us/minneapolis-police-abolish.html>
- Shah, K. og Adolphe, J. (2019, 16. ágúst). 400 years since slavery: A timeline of American history. *The Guardian*. Sótt af <https://www.theguardian.com/news/2019/aug/15/400-years-since-slavery-timeline>
- Sverige og Krisberedskapsmyndigheten. (2004). *Crisis communication handbook*. Swedish Emergency Management Agency. Sótt af http://www.krisberedskapsmyndigheten.se/upload/1817/crisis_communic_handb-%20utb-serie-2003-1.pdf
- Tavernise, S. og Eligon, J. (2020, 7. nóvember). Voters say Black Lives Matter protests were important. They disagree on why. *The New York Times*. Sótt af <https://www.nytimes.com/2020/11/07/us/black-lives-matter-protests.html>
- Taylor, D.B. (2020, 10. júlí). George Floyd protests: A timeline. *The New York Times*. Sótt af <https://www.nytimes.com/article/george-floyd-protests-timeline.html>

-
- Taylor, E., Guy-Walls, P., Wilkerson, P. og Addae, R. (2019). The historical perspectives of stereotypes on African-american males. *Journal of Human Rights and Social Work*, 4(3), 213-225. <https://doi.org/10.1007/s41134-019-00096-y>
- The Counted: People killed by police in the US. (e.d.). *The Guardian*. Sótt 10. október 2020 af <https://www.theguardian.com/us-news/ng-interactive/2015/jun/01/the-counted-police-killings-us-database>
- Torres-Cortez, R. (2020, 7. júní). The last minutes of Jorge Gomez's life. *The Las Vegas Sun*. Sótt af <https://lasvegassun.com/news/2020/jun/07/the-last-minutes-of-jorge-gomezs-life>
- Trump, D. (2020, 29. maí). When the looting starts the shooting starts [Skrif á Twitter]. Sótt af <https://twitter.com/realDonaldTrump/status/1266231100780744704>
- Unnever, J.D. and Cullen, F.T. (2012). White perceptions of whether african americans and hispanics are prone to violence and support for death penalty. *Journal of Research in Crime and Delinquency*, 49(4), 519-544. <https://doi.org/10.1177/0022427811415533>
- Use or threatened use of force in defence of person. 776 / 012. *Justifiable use of force*. Sótt 3. nóvember 2020 af http://www.leg.state.fl.us/statutes/index.cfm?App_mode=Display_Statute&URL=0700-0799/0776/Sections/0776.012.html
- Walters, J. (2020, 31. maí). George Floyd protests: The US cities that became hotspots of unrest. *The Guardian*. Sótt af <https://www.theguardian.com/us-news/2020/may/31/george-floyd-protests-us-cities-hotspots-unrest>
- Weber, J.L. og Hassler, W.W. (2020). American Civil War. *Encyclopædia Britannica*. Sótt 9. nóvember af <https://www.britannica.com/event/American-Civil-War>
- Who we are. (e.d.). *Amnesty International*. Sótt 11. nóvember 2020 af <https://www.amnesty.org/en/who-we-are>

Wright, M. (2020, 3. júlí). Black Lives Matter protests may be the largest in U.S. history as more than 26 million Americans have been at the more than 4,700 demonstrations around the country. *The Daily Mail*. Sótt af <https://www.dailymail.co.uk/news/article-8488409/BLM-protests-largest-U-S-history-26MILLION-Americans-attended.html>

